

# Skýrsla

**Eyglóar Harðardóttur samstarfsráðherra  
Norðurlanda um störf  
Norrænu ráðherranefndarinnar 2014**

(Lögð fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015)

---

**Utanríkisráðuneytið  
Norðurlandaskrifstofa  
Febrúar 2015**



## EFNISYFIRLIT

<b>Formáli</b> .....	5
<b>Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda</b> .....	6
<b>Störf samstarfsráðherra Norðurlanda</b> .....	7
<b>Sjávarútvegur og fiskeldi, landbúnaður, matvælamál og skógrækt</b>	14
<b>Norræna lífhagkerfið</b> .....	14
Sjávarútvegur og fiskeldi.....	16
Landbúnaður.....	17
Matvælamál .....	18
Skógrækt.....	19
<b>Atvinnumál, orkumál og byggðamál</b> .....	20
Atvinnumál .....	20
Orkumál .....	21
Byggðamál.....	23
<b>Umhverfismál</b> .....	24
<b>Menningarmál</b> .....	26
<b>Norræni spilunarlistinn</b> .....	28
Menntun og vísindi .....	30
<b>Biophilia</b> .....	31
Jafnréttismál .....	33
Félags- og heilbrigðismál.....	36
<b>Norræna velferðarvaktin</b> .....	39
Vinnumál .....	40
Samstarf á dómsmálasviðinu .....	43
<b>Fylgiskjal 1: Uppbygging norræns samstarfs</b> .....	44
<b>Fylgiskjal 2: Styttingar</b> .....	47

Prentun: Oddi, umhverfsvottað fyrirtæki 

Skýrslan er framleidd hjá prentsmiðju sem er vottuð norræna umhverfismerkinu Svánum ásamt því að vera prentuð á umhverfsvottaðan pappír.



## Formáli

Samstarfsráðherra gerir í skýrslu þessari grein fyrir því helsta sem unnið var að í norrænu samstarfi á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar 2014. Ísland gegndi formennsku í samstarfinu og því gafst gullið tækifæri fyrir okkur Íslendinga að setja mark okkar á samstarfið og beina því inn á nýjar brautir. Í skýrslunni er einkum leitast við að bregða ljósi á þau mál sem Ísland lagði áherslu á og verkefni sem Ísland beitti sér fyrir á formennskuárinu. Einnig er litið til þess sem efst var á baugi eins og það blasti við Íslendingum.

Skýrslan var unnin í samstarfi við þá starfsmenn ráðuneytanna sem sitja í norrænum embættismannanefndum og hafa borið hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd viðburða sem efnt var til á árinu og verkefna sem Ísland hafði frumkvæði að. Þeim er þakkað fyrir góða frammistöðu og vel unnin störf, en formennskuárið er stórt og umfangsmikið verkefni sem bætist af fullum þunga við dagleg störf í ráðuneytunum.

Samstarf við Íslandsdeild Norðurlandaráðs var gott á árinu. Unnið er að endurskoðun á innra verklagi hjá Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði sem miðast meðal annars að því að auka til muna samráð og samvinnu beggja og eru við það bundnar miklar vonir.

Það samstarf Norðurlanda sem unnið er að á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar er í senn yfirgripsmikið og margþætt og því getur skýrsla sem þessi aldrei orðið tæmandi, ýmsum þáttum samstarfsins eru gerð betri skil en öðrum og sumt fær ekki umfjöllun. Auðvelt er að afla sér upplýsinga um norrænt samstarf á netinu en skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar er með heimasíðu, [www.norden.org](http://www.norden.org), þar sem fræðast má um samstarfið, meðal annars á íslensku. Þá eru allar norrænar stofnanir og samstarfsstofnanir einnig með heimasíður sem helgaðar eru þeim verkefnum sem þær starfa að.

## Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda var viðamikið á árinu 2014. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra bauð til árlegs vorfundar dagana 26.–27. maí og fór hann fram á Mývatni. Þar gerði forsætisráðherra m.a. grein fyrir helstu áherslum í formennskuáætlun Íslands, sem bar yfirskriftina „Gróska og lífskraftur“, auk þess sem ýmis málefni Evrópu og alþjóðamál voru rædd. Í lok fundar samþykktu forsætisráðherrarnir yfirlýsingu um mikilvægi norræns samstarfs. Seinni daginn hittu forsætisráðherrar Norðurlanda leiðtoga Færeyja, Grænlands og Álandseyja í Hofi á Akureyri. Forsætisráðherra gerði þar m.a. grein fyrir áherslum Íslands í málefnum norðurslóða en að öðru leyti voru norræn mál til umfjöllunar, þ.m.t. samvinna í heilbrigðismálum og umbótastarf í Norrænu ráðherranefndinni (NMR). Að loknum fundi lá leiðin í Háskólann á Akureyri þar sem kynnt var starfsemi tengd málefnum norðurslóða. Heimsókninni lauk með skoðunarferð um Tröllaskaga með viðkomu í Byggðasafninu á Dalvík og Síldarminjasafninu á Siglufirði.

Forsætisráðherrar Norðurlanda héldu síðar á árinu hefðbundinn fund samhliða 66. þingi Norðurlandaráðs (NR), sem fór fram í Stokkhólmi dagana 27.–29. október. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra stýrði ráðherrafundunum í krafti formennsku Íslands í NMR. Til umræðu voru m.a. norðurslóðamál, loftslagsmál, þróunarmál og öryggis- og varnarmál. Venju samkvæmt áttu forsætisráðherrarnir enn fremur fundi með leiðtogum Færeyja, Grænlands og Álandseyja og forsætisnefnd NR. Einnig var fundað með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þar sem efnahagsmál í Evrópu, fyrirhuguð formennska Lettlands í Evrópusambandinu (ESB), samskipti Evrópu og Bandaríkjanna og málefni Sýrlands og Íraks voru meðal umræðuefna.

Á þingi NR tóku forsætisráðherrar Norðurlanda þátt í þemaumræðu um þróun Norðurlandasamstarfs. Í máli sínu lagði forsætisráðherra áherslu á mikilvægi samstarfsins í nútíð og framtíð og sameiginlegra gilda og sögu sem binda norrænu löndin traustum böndum.

Árlegur fundur forsætisráðherra Norðurlanda, Eystrasaltsríkjanna og Bretlands undir merkjum „Northern Future Forum“ fór fram í Helsinki 6.–7. nóvember og var sjónum að þessu sinni beint að nýsköpun og samkeppnishæfni í menntamálum. Það kemur í hlut Íslands að skipuleggja fundinn árið 2015.

## Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Íslendingar fóru með formennsku í NMR á árinu. Verkefnið er stórt og umfangsmikið og var því aukið vinnuálag hjá flestum ráðherrum og ráðuneytum þeirra af þeim sökum. Einnig lögðu margar íslenskar stofnanir hönd á plóg. Formennskuáætlun Íslands, „Gróska – lífskraftur“, var þungamiðja norræns samstarfs og bættist í raun við samstarfsáætlanir til fleiri ára sem löng hefð er fyrir að fagráðherranefndir komi sér saman um að vinna eftir. Forsætisráðherra ber ábyrgð á norrænu samstarfi en felur samstarfsráðherra sem valinn er úr hópi ráðherra í ríkisstjórn að fara með starfið í sínu umboði. Samstarfsráðherra var í forsæti í hópi norrænu samstarfsráðherranna (MR-SAM) og bar hitann og þungann af því að leiða og samræma það fjölbreytta starf sem unnið er á vettvangi NMR. Heildarrámmi norrænu fjárlaganna fyrir árið 2014 nam rúmlega 955 milljónum danskra króna, hlutdeild samstarfsráðherranna var 20,6%. Hlutdeild svokallaðra forgangsverkefna sem skiptast í formennskusjóð og forgangsverkefnasjóð var 7,8%.<sup>1</sup>

### *Formennska Íslands í NMR*

Kjölfestan í formennsku Íslands var formennskuverkefnið sem lögð höfðu verið fram með samþykki ríkisstjórnar Íslands og samþykkt sem norræn verkefni af MR-SAM á miðju ári 2013, þ.e. *NordBio/Biophilia*, *Norræni spilunarlistinn* og *Norræna velferðarvaktin*.<sup>2</sup> Á árinu fór fram mikil undirbúnings- og mótnarvinna vegna verkefnanna en það var einkum *NordBio/Biophilia* sem krafðist meira þverfaglegs skipulags en áður hefur sést í norrænum verkefnum. Nánari upplýsingar um framvindu verkefnanna koma fram síðar í skýrslunni en öll voru þau á áætlun í lok árs. Á næstu árum verða þau unnin áfram í samvinnu við flest samstarfslöndin en undir stjórn Íslendinga. Þau munu áfram njóta norræns fjárstuðnings árin 2015 og 2016.

Ísland lagði áherslu á samstarf við grannlönd í vestri en umsóknum í sérstakan sjóð á norrænu fjárlögunum sem hefur þetta að markmiði fjölgaði umtalsvert á árinu, sem gefur til kynna að áhugi þessara nágranna Norðurlanda á samstarfi sé að glæðast. Stjórnvöld í Québec leituðu eftir samstarfi við NMR um að halda alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun á norðurslóðum sem fram fór þar 26.–27. febrúar 2015. Þá styrkti NMR samstarf norrænu sendiráðanna í Ottawa sem stóðu fyrir kynningarviðburði í Toronto fyrir norræn fyrirtæki í maí sem nefndist *Cool Nordic*. Loks má nefna að ákveðið var, samkvæmt tillögu frá embættismannanefnd um byggðamál (EK-R), að ráðast í að móta þróunarstefnu fyrir vestnorræna svæðið, þ.e. Ísland, Grænland, Færeyjar og strandbyggðir Norður-Noregs. Í verkefninu verður einkum stuðst við skýrslu OECD um þetta efni,

<sup>1</sup> Sjá nánar: Norræna ráðherranefndin verkefna- og fjárhagsáætlun 2014 - samantekt

<sup>2</sup> Sjá nánari lýsingu í skýrslu samstarfsráðherra 2013 og síðar í þessari skýrslu

*Organisation for Economic Co-operation and Developments (OECD) Territorial Review of the NORA Region (2011).*

Áfram var unnið að þeim verkefnum sem Svíar kynntu til leiks á formennskuári sínu 2013, þ.e. 1) *NordMin*, verkefni um námu- og málmvinnslu á Norðurlöndum, 2) verkefni til að bæta eftirlit með skammlífum loftslagsspillum og áhrifum þeirra á loftslag á Norðurlöndum og 3) verkefni sem með starfsþjálfun stuðlar að hagnýtri og viðurkenndri menntun sem veitir réttindi og leiðir til starfa. Norrænum stuðningi við verkefni Svía lýkur 2015.

Auk þeirrar vinnu sem lögð var í framangreind formennskuverkefni Íslands höfðu ráðuneytin veg og vanda af fjölmörgum norrænum viðburðum sem flestir fóru fram á Íslandi; um var að ræða fundi norrænna embættismanna og ráðherra, hátíðarfundi, ráðstefnur og námsstefnur af ýmsu tagi. Helstu viðburðum formennskuársins eru gerð skil í köflum fagsviðanna sem fylgja hér á eftir, en þó má nefna að haldið var upp á þau merku tímamót að 60 ár voru liðin frá því að Norðurlönd undirrituðu samninginn um sameiginlegan vinnumarkað. Einnig var þess minnst að formlegt norrænt jafnréttissamstarf hafði staðið í 40 ár og að norræna umhverfismerkið *Svanurinn* náði 25 ára samstarfsafmæli. Þá er vert að nefna að haldin var ráðstefna á Akureyri um mismunandi stöðu kynja á norðurskautssvæðinu og tvær ráðstefnur voru haldnar í Færeyjum, einnig um jafnréttismál.

Kastljósinu var beint að Íslandi og íslenskri menningu í framlagi NMR til menningarnætur í Kaupmannahöfn sem haldin var í október, en um var að ræða samstarfsverkefni milli sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn og skrifstofu NMR. Gestir menningarnætur fengu m.a. að hlýða á íslenska og norræna tónlist sem formennskuverkefnið *Norræni spilunarlistinn* og íslenskir plötusnúðar sáu um að miðla, boðinn var íslenskur matur sem eldhús utanríkisráðuneytisins hafði veg og vanda af, rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson las úr verkum sínum, efnt var til þrjónasamkeppni og börn fengu að fara á bak íslenskum hesti. Dagskráin var vel sótt og þótti takast afar vel.

Í tengslum við þátttöku utanríkisráðuneytisins í menningarnótt í Reykjavík voru formennskuáherslur Íslands og formennskuverkefni kynnt sérstaklega.

### *Framtíðarsýn NMR*

Á formennskuári Svía hófst umræða í MR-SAM um hver skyldi vera stefna eða framtíðarsýn norræns samstarfs á næstu áratugum. Mikilvægt er að samstarfið sé ávallt í takti við tímann og að samstarfslöndin missi ekki sjónar á tilgangi og markmiðum þess sem best er lýst með hugmyndinni um *nordisk nytta* eða norrænan virðisauka. Var sú umræða til lykta leidd snemma á formennskuári Íslands þegar ráðherrarnir komu sér saman um svohljóðandi yfirlýsingu sem samþykkt var formlega á fyrsta fundi þeirra í febrúar:



## Norðurlönd – saman erum við öflugri

### *Norðurlönd án landamæra*

Eitt helsta viðfangsefni í norrænu samstarfi er að skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja fara frjálst milli Norðurlandanna. Þetta starf viljum við efla, þar á meðal tryggja að ný löggjöf í löndunum og innleiðing ESB-löggjafar skapi ekki nýjar stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum.

### *Nýskapandi Norðurlönd*

Norðurlönd eru nýskapandi svæði þar sem lögð er áhersla á velferð, menntun, sköpunarkraft, frumkvöðlastarf, sjálfbærni og rannsóknir. Við munum áfram beita okkur fyrir nánú samstarfi um lausn á verkefnum sem skipta hinn almenna borgara máli á sviðum þar sem vænta má að meiri gæði og skilvirkni náist í sameiningu en ella.

### *Sýnileg Norðurlönd*

Norðurlönd vekja athygli um allan heim og norræna vörumerkið er vel þekkt. Vaxandi áhugi er á reynslu Norðurlandþjóða af því að byggja upp og þróa samfélög sem einkennast af mikilli framleiðni, félagslegu öryggi, jafnrétti og góðu umhverfi. Við munum beita okkur fyrir því að löndin standi saman að því að vekja athygli umheimsins á Norðurlöndum sem einni heild. Á sama tíma veit almenningur á Norðurlöndum lítið um norrænt samstarf og viljum við bæta úr því með öflugu kynningarátaki.

### *Opin Norðurlönd*

Norrænu löndin eru lítil hvert um sig en samanlagt erum við 25 milljónir og hagkerfi okkar er meðal tíu stærstu í heiminum. Norrænu löndin taka þátt í alþjóðasamstarfi á ýmsum vígstöðvum. Við viljum halda áfram að stilla saman strengi Norðurlanda í alþjóðamálum og gera enn betur, einkum þar sem löndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Við viljum tryggja að samstarf Norðurlandanna um alþjóðleg málefni komi til viðbótar samstarfi sem fram fer hjá öðrum stofnunum.

*Nyt Norden – endurskoðun á verklagi og starfsháttum NMR*

Á vormánuðum 2013 fékk framkvæmdastjóri NMR, sem var þá nýtekinn við starfi sínu, umboð Norrænu samstarfsnefndarinnar (NSK) til þess að hefja úttekt á verklagi og starfsháttum í norrænu samstarfi sem næði til aðalskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, til norrænna stofnana, sem og allra embættismannanefnda, ráðherranefnda auk starfshópa og annarra nefnda sem starfa á vettvangi hins formlega norræna samstarfs. Vinnu við þetta verkefni lauk á formennskuári Íslands og á sumarfundi MR-SAM sem haldinn var á Íslandi var fjallað um skýrslu framkvæmdastjórans, *Nyt Norden – afrapportering på generalsekretærens moderniseringsopdrag*, ásamt 39 tillögum sem hún hefur að geyma um breytingar á innra starfsfyrirkomulagi NMR. Skýrslan og tillögurnar höfðu áður verið kynntar starfsfólki aðalskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, fyrir NR, fagráðherranefndum, yfirstjórnnum norrænna stofnana og embættismannanefndum auk þess sem þær höfðu í nokkrum tilvikum verið ræddar á fundum fagráðherranefnda.

Almennt var tillögunum vel tekið, einkum þegar um var að ræða einföldun á reglum og reglugerðum um starfsemina og aðgerðir til þess að auka skilvirkni í daglegum störfum. Má þar nefna tillögur sem lúta að bættum starfsaðferðum og meira gegnsæi varðandi undirbúning norrænu fjárlaganna, skýrari framsetningu þeirra í fjárlagabókinni og betra eftirliti með rekstri norrænna verkefna svo og aukna kröfu um árangursstjórnun. Einnig var tillögum sem lúta að fundafyrirkomulagi og stöðlun á fundargerðum vel tekið, í því sambandi má nefna að mælt er til þess að fjarfundir verði notaðir í auknum mæli og að ráðherrafundir verði eins og kostur er skipulagðir þannig að ekki sé nauðsynlegt að dvelja á fundarstað næturlangt. Tillögum um bætt samstarf við NR að því er varðar afgreiðslu á ályktunum þess var einnig vel tekið.

Talsverð umræða spannst í embættismannanefndum um tillögur sem varða breytta ábyrgðarskiptingu milli framkvæmdastjóra NMR annars vegar og stjórna og forstjóra norrænna stofnana hins vegar. Í skýrslunni „Nyt Norden“ er gert ráð fyrir að forstjórar norrænna stofnana verði eftirleiðis ábyrgir gagnvart framkvæmdastjóra NMR í Kaupmannahöfn og ekki gagnvart yfirstjórn stofnunar eins og verið hefur. Að tryggja fagleg gæði og vinnubrögð ásamt stefnumörkun verður fyrst og fremst ábyrgðarhluti stjórnar en forstjóri sér um daglegan rekstur og er í þeim efnum ábyrgur gagnvart framkvæmdastjóra NMR. Fljótlega kom í ljós að nýtt fyrirkomulag gæti ekki hentað öllum stofnunum með sama hætti og var því ákveðið að í slíkum tilvikum væri hægt að leita eftir undanþágu. Sátt skapaðist því um hið nýja stjórnunarfyrirkomulag norrænna stofnana en þess ber að geta að fáar athugasemdir voru gerðar við breytingarnar.

Eftir minniháttar breytingar var skýrslan samþykkt af MR-SAM og var þegar hafist handa við að koma tillögum hennar til framkvæmda.<sup>3</sup>

### *Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi*

Í yfirlýsingu MR-SAM um framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf er lýst vilja til þess að vekja athygli umheimsins á Norðurlöndum sem einni heild og að kynningarátaks sé þörf innan Norðurlanda um norrænt samstarf. Í samræmi við þetta hófst á árinu vinna við að móta sameiginlega áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi. Þessi vinna tók mið af niðurstöðum forkönnunar sem ráðherranefndin lét gera í kjölfar Nordic Cool-hátíðarinnar sem haldin var í Kennedy Center í febrúar 2013. Valdir aðilar í löndunum sem láta sig þessi mál varða voru spurðir hvort þörf væri á samnorrænni áætlun fyrir markaðssetningu Norðurlanda sem svæðis og hverju hún myndi skila. Niðurstöðurnar voru mjög afgerandi á þá lund að slíkt væri mjög æskilegt og að samlegðaráhrifin væru augljós.

Ákveðið var að ráðast í verkefnið snemma á árinu og var í því skyni skipaður norrænn sérfræðingahópur sem hafði veg og vanda af því að undirbúa áætlunina í samstarfi við upplýsingadeild NMR í Kaupmannahöfn. Íslandsstofa skipaði fulltrúa í hópinn fyrir Íslands hönd. Fyrstu drög að áætlun voru lögð fram á fundi NSK í júní til kynningar og umræðna. Að loknu umsagnarferli og frekari úrvinnslu var *Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi 2015–2018* lögð fram á fundi MR-SAM í lok október þar sem hún var samþykkt.

Áætlunin kemur til framkvæmda frá áramótum 2015 og verður ráðinn verkefnisstjóri til þess að hafa umsjón með henni. Gert er ráð fyrir að allir sem hyggja á sameiginlega norræna markaðssetningu geti nýtt sér áætlunina.<sup>4</sup>

### *Norrænt samstarf á norðurskautssvæðinu*

Í september samþykkti MR-SAM nýja áætlun fyrir norrænt samstarf á norðurskautssvæðinu. Áætlunin nær yfir tímabilið 2015–2017 en fyrsta áætlun ráðherranefndarinnar um norðurskautsmál er frá 1996, þ.e. sama ár og Norðurskautsráðið var stofnað. Höfudáhersla er lögð á sjálfbæra þróun á norðurslóðum og kastljósinu einkum beint að íbúum, sjálfbærri atvinnuþróun, umhverfi, náttúru og loftslagi ásamt menntun og þróun getu og þekkingar. Áfram verður leitast við að ná samlegðaráhrifum með áætluninni og að styðja við verkefni sem auka norrænan virðisauka. Auk þess á áætlunin að styðja við og efla þá vinnu sem fram fer á öðrum vettvangi, m.a. í Norðurskautsráðinu, sem og áætlanir landanna

<sup>3</sup> Skýrsluna má nálgast á heimasíðu NMR, [www.norden.org](http://www.norden.org)

<sup>4</sup> Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu NMR, [www.norden.org](http://www.norden.org)

í málefnum norðurslóða. Þá skiptir forgangsröðun NR í málefnum norðurskauts-  
svæðisins miklu.

### *Viðvera NMR í Rússlandi – málefni norrænu skrifstofunnar í Pétursborg*

Samstarfið við Rússland og staða skrifstofu NMR í Pétursborg voru mikið í kastljósinu á árinu. Samkvæmt sameiginlegu minnisblaði rússneskra stjórnvalda og NMR frá 1997 hafa skrifstofurnar í Pétursborg og Kalíníngrad sömu stöðu og frjáls félagasamtök í landinu, en NMR hefur alla tíð litið svo á að þessi ráðstöfun væri til bráðabirgða og að skrifstofurnar ættu að hafa diplómátíska stöðu. Eftir að löggjöf tók gildi í Rússlandi árið 2012 sem þrengir mjög að athafnafrelsi frjálsra félagasamtaka í landinu hefur sigið á ógæfuhliðina í rekstri norrænu skrifstofanna þar í landi. Skrifstofurnar urðu fljótlega varar við ákvæði laganna um hert eftirlit, fyrst í Kalíníngrad vorið 2013 þegar saksóknaraembættið kom í óvænta heimsókn, krafðist upplýsinga og tók gögn. Á miðju ári 2014 var gerð sams konar heimsókn í Pétursborg. Niðurstaðan eftir heimsóknina í Kalíníngrad var að ekki væri nauðsynlegt að aðhafast frekar gagnvart skrifstofunni. Í byrjun janúar 2015 tilkynnti saksóknari að niðurstaða úr heimsókninni á skrifstofuna í Pétursborg væri að þar færi fram pólitísk starfsemi fyrir erlent fé og skyldi því skrá skrifstofuna sem „foreign agent“ eða erlendan erindreka. Slík breyting á stöðu þýðir í raun að allir rússneskir aðilar sem eiga í viðskiptum við skrifstofuna eiga á hættu að vera skráðir sem „foreign agent“. Tilkynnt var um þessa breytingu á stöðu skrifstofunnar á heimasíðu rússneska dómsmálaráðuneytisins í lok janúar, enda þótt NMR mótmælti því harðlega. Skömmu síðar fóru norrænu sendiherrarnir í Moskvu á fund fulltrúa rússneska utanríkisráðherrans og komu á framfæri áhyggjum Norðurlanda af stöðu málsins. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir NMR til að fá fram breytingu á stöðu skrifstofunnar hefur rússneska utanríkisráðuneytið ekki viljað ljá máls á slíku. Það er til skoðunar hjá aðalskrifstofu NMR í Kaupmannahöfn hver verði næstu skref, og stefnt er að því að taka ákvörðun um framtíð norrænu skrifstofunnar í Pétursborg á fundi samstarfsráðherranna í mars.

### *Norræna landamærahindranaráðið*

Á síðustu árum hefur almenningur og stjórnámamenn fengið aukinn áhuga á að afnema stjórnsýslulegar landamærahindranir á Norðurlöndum. Daglega sækja 70 þúsund manns vinnu yfir landamæri á Norðurlöndum og um 60 þúsund einstaklingar flytja milli norrænu landanna á ári. Fjöldi norrænna borgara stundar nám um lengri eða skemmri tíma í öðru norrænu landi. Þessi miklu samskipti og flutningar geta skapað landamærahindranir, þ.e. hindranir þar sem löggjöf eða framkvæmd reglna milli landa stangast á með tilheyrandi vanda fyrir einstaklingana.

Finna má hindranir á mörgum sviðum svo sem vegna ýmiskonar réttinda til félagslegra trygginga og bóta. Einnig má nefna hindranir sem koma í veg fyrir að fyrirtæki geti auðveldlega starfað þvert á landamæri. Á Norðurlöndum er mikill pólitískur vilji um þessar mundir til þess að fækka þessum hindrunum og því hefur NMR sett aukinn kraft í þá vinnu. Hinn 1. janúar 2014 var sett á stofn *Norræna landamærahindranaráðið (Grænsehindringsráð)* að tillögu samstarfsráðherranna. Samstarfsráðherra Íslands, Eygló Harðardóttir, fól Siv Friðleifs-dóttur, fyrrverandi ráðherra og alþingismanni, að veita Norræna landamærahindranaráðinu forystu á fyrsta starfsári þess. Fulltrúi Dana tók við formennskunni 1. janúar 2015 eins og nýja fyrirkomulagið gerir ráð fyrir. Norræna landamærahindranaráðið leysti af hinn norræna vettvang um afnám stjórnsýslulegra landamærahindrana, en sá vettvangur hafði starfað frá 2008. Nýja ráðið er skipað einum aðila frá hverju norrænu landi auk framkvæmdastjóra NMR og fulltrúa NR.

Meginverkefni landamærahindranaráðsins er að meta, gera úttektir og koma með tillögur að lausnum á stjórnsýsluhindrunum, koma í veg fyrir að löggjafarstarfið í löndunum geti af sér nýjar hindranir, auk þess að meta upplýsingaflæði og kvörtunar-/kærumöguleika norrænna borgara. Ráðið forgangsraðar vinnu sinni þannig að hver fulltrúi vinnur með þrjár til fimm hindranir á ári og skal fylgja þeim eftir þar til niðurstaða fæst um hvort unnt sé að leysa þær eða ekki. Ekki er unnt að leysa allar hindranir þar sem löggjöf landanna er að ýmsu leyti ólík og stundum skortir vilja til að breyta löggjöf eða framkvæmd reglna heima fyrir. Fyrir liggur gagnagrunnur með lista yfir þær hindranir sem þegar eru leystar, hindranir sem unnið er að því að afnema eða sem bíða úrlausnar.<sup>5</sup> Fulltrúar landanna í ráðinu hafa haldið samráðsfundi í sínum heimalöndum þar sem upplýst er um gang vinnunnar. Hér á Íslandi hafa slíkir fundir verið haldnir með aðilum sem vinna að norrænum málum s.s. upplýsingaþjónustunni Halló Norðurlönd, Norræna félaginu, embættismönnum og alþingismönnum í Íslandsdeild NR. Á síðasta ári, sem var fyrsta starfsár hins nýja landamærahindranaráðs, fór mikill kraftur í að skipuleggja vinnuna þannig að hún gæti skilað árangri. Ráðið forgangsraðaði 29 hindrunum og vann með þær. Lokaniðurstaða náðist í tveimur þeirra og enn fremur hillir undir lausn í fjórum hindrunum. Samstarfsaðilar landamærahindranaráðsins hafa aðstoðað við að leysa um 17 hindranir í viðbót, sem sýnir að samþættingarvinna ráðsins hefur skilað góðum árangri. Ljóst er að ein aðalforsendan fyrir lausn landamærahindrana er áhugi, vilji og geta þingmanna, ráðherra og embættismanna til að breyta löggjöf eða breyta framkvæmd reglna, eftir því sem við á í hverri hindrun fyrir sig.

<sup>5</sup> Sjá: Gagnagrunnur um stjórnsýsluhindranir á [www.norden.org](http://www.norden.org)

## Sjávarútvegur og fiskeldi, landbúnaður, matvælamál og skógrækt

Norræna lífhagkerfið er stærsta verkefnið í formennskuáætlun Íslands í NMR á árinu 2014.

Áhersluverkefni á formennskuári

### Norræna lífhagkerfið

Norræna lífhagkerfið er stærsta verkefnið í formennskuáætlun Íslands í NMR á árinu 2014. Meginmarkmiðin með verkefnum um norræna lífhagkerfið eru:

- Að leiða saman breiðan hóp norrænna sérfræðinga sem leggja saman krafta sína í því skyni að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda á Norðurlöndum.
- Að gera Norðurlönd leiðandi í sjálfbærri framleiðslu og nýtingu lífauðlinda í því skyni að draga úr umhverfisálagi og sóun og efla nýsköpun og menntun, grænt atvinnulíf og byggðaðróun.

Áætlunin gengur undir nafninu NordBio og kemur til framkvæmda á árunum 2014–2016. Þrjú ráðuneyti hér á landi standa að áætluninni, þ.e. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Alls fellur hún undir fimm ráðherranefndir innan Norrænu ráðherranefndarinnar, þ.e. MR-FJLS (fiskveiðar, landbúnaður, matvæli og skógrækt), MR-NER (atvinnu-, orku- og byggðamál), MR-M (umhverfismál), MR-U (menntamál og rannsóknir) og MR-K (menningarmál). Norrænar stofnanir eins og t.d. NordForsk, Nordic Innovation, NordGen og NordRegio leggja einnig sitt af mörkum til verkefnisins. Talið er að aldrei fyrr hafi verið stofnað til verkefnis á vegum NMR sem krefst samvinnu svo margra ólíkra samstarfssviða. Flest verkefni innan NordBio eru unnin undir forystu íslenskra stofnana í nánú samstarfi við sambærilegar stofnanir á Norðurlöndum og í sjálfstjórnarlöndunum.

Innan áætlunarinnar um norræna lífhagkerfið er unnið að eftirtöldum verkefnum:

*Biophilia*: Viðamikil kennsluverkefni, sem miðar að sköpun sem kennslu- og rannsóknaraðferð og byggist á samstarfi vísinda og lista. Áhersla er lögð á að brjóta upp hefðbundnar kennsluáðferðir með skapandi kennslu og þverfaglegri nálgun. Öll norrænu löndin og sjálfstjórnarlöndin hafa valið hvert sitt svæðið til



Þátttöku þar sem verkefnið mun verða kennt. Svæðin mynda samstarfsnet þar sem unnið verður úr reynslu netanna og þróaðar kennsluhugmyndir með norrænum áherslum. Auk formlegrar kennslu verður m.a. sérstök þekkingarlest á ferðinni um Norðurlönd og efnt verður til vísindaviðburða með það fyrir augum að efla áhuga nemenda og almennings á náttúru og vísindum.<sup>6</sup>

*Nýsköpun í lífhagkerfinu:* Verkefni, sem miðar að því að auka verðmæta-sköpun og sjálfbærni í matvælaframleiðslu, m.a. með því að bæta vinnuferla og framleiða nýjar vörur. Í fyrstu lotu verkefnisins var fyrst og fremst lögð áhersla á Ísland, Færeyjar og Grænland og var auglýst eftir þátttöku í nýsköpunarverkefnum um matvælaframleiðslu. 78 umsóknir bárust. Á ráðstefnu sem Ísland efndi til í júní og fjallaði um lífhagkerfið á norðlægum slóðum gafst þátttakendum tækifæri til að skoða og smakka nýjar afurðir sem framleiddar höfðu verið með stuðningi verkefnisins.

*Marina:* Verkefnið miðar að því að auka notkun vistvænna orkugjafa á sjó og draga þannig úr losun koldíoxíðs frá skipum. Unnið verður yfirlit yfir helstu verkefni á Norðurlöndum sem snúast um vistvænar samgöngur á sjó og reynt að greina hvað hindri innleiðingu. Lögð er áhersla á samstarf hins opinbera og einkaaðila og stefnt er að því að leggja fram tillögur um leiðir til að draga úr losun og auka hlut vistvænnar orku á sjó til ársins 2050.

*WoodBio:* Verkefnið felst m.a. í því að kortleggja notkun viðarlífsmassa í mismunandi tilgangi (sjálfbær orkulind, hefðbundnar afurðir, nýsköpun). Einnig verður reynt að meta eftirspurn eftir viðarlífsmassa í framtíðinni og mikilvægi hans í hagkerfi Norðurlanda. Loks verður könnuð sú þróun sem er í gangi varðandi nýjar afurðir úr viðarlífsmassa svo sem framleiðslu á vefnaðarvörum og matvöru (sterkju og fõðri fyrir laxeldi) og tekið saman yfirlit yfir sprotafyrirtæki á þessu sviði.

*ERMOND:* Verkefnið snýst um að byggja upp þol og styrkja viðnámsþrótt vistkerfa í því skyni að gera þau betur í stakk búin til að draga úr áhrifum náttúruvárs af ýmsu tagi. Á Norðurlöndum eru flóð og stormar í brennidepli en á allra síðustu árum hafa augu manna hér á landi einkum beinst að öskufalli vegna eldgosa. Meðal annars hefur sýnt sig að birkikjarr getur dregið úr áhrifum öskufalls. Niðurstöður verkefnisins munu m.a. fela í sér tillögur um hvernig byggja má upp vistkerfi á Norðurlöndum þannig að þau séu í stakk búin til að verjast náttúruhamförum.

Auk ofangreindra verkefna hefur fleiri verkefnum innan lífhagkerfisins verið ýtt úr vör innan ramma formennskuáætlunar Íslands en þau eru á þessari stundu skammt á veg komin. Má þar m.a. nefna verkefni sem snúast um sjálfbærni-viðmið sem gilda við nýtingu náttúruauðlinda á Norðurlöndum, svæðisbundna

<sup>6</sup> Sjá nánar um Biophilia á bls. 31

möguleika norræna lífhagkerfisins, sjálfbæra framleiðslu á próteinum á Norðurlöndum og nýtingu lífræns úrgangs við nýsköpun.

*Nordic Bioeconomy Panel:* Á árinu hefur verið unnið að því að stofna norrænan samráðsvettvang sérfræðinga, fulltrúa atvinnulífs og félagasamtaka, sem m.a. er ætlað að safna saman upplýsingum um það helsta er lýtur að norræna lífhagkerfinu og koma árangri af NordBio samstarfinu áfram inn í stefnumótun á þessu sviði í hverju landi fyrir sig og á alþjóðavettvangi. Vonir eru bundnar við að samráðsvettvangurinn muni starfa áfram eftir að formennskuáætlun Íslands lýkur.

Ljóst er að samstarf ráðuneyta hér heima og norrænt samstarf um lífhagkerfið hefur þegar skilað mikilvægum árangri, t.d. við nýsköpun í matvælaframleiðslu og mynduð hafa verið samstarfs- og tengslanet milli sérfræðinga og stofnana á Norðurlöndum sem eiga eftir að gagnast í framtíðinni.

Formennskuáætlun Íslands lýkur formlega í árslok 2016 og er ætlunin að efna til lokaráðstefnu um lífræna hagkerfið þar sem niðurstöður og árangur verkefna verða kynnt.

## **Sjávarútvegur og fiskeldi**

Fyrir hönd norrænu sjávarútvegsráðherranna stóð embættismannanefndin um sjávarútveg og fiskeldi fyrir nokkrum viðburðum á árinu 2014 og studdi við og hleypti af stokkum ýmsum samstarfsverkefnum. Í starfi sínu naut nefndin liðveislu vinnuhóps sérfræðinga (AG-Fisk) um fiskveiðar eins og venja er fyrir.

Formennskuáætlunin á sviði sjávarútvegs og fiskeldis hafði yfirskriftina *Bláa lífhagkerfið – sjálfbær stjórn og nýting lifandi auðlinda hafsins*. Embættismannanefndin var meðal skipuleggjenda alþjóðlegrar ráðstefnu um hafrétt í Björgvin í Noregi 26.–27. júní, þar sem m.a. var rætt um breytingar á göngu fiskistofna vegna breytinga á loftslagi o.fl. og áhrif þeirra á samninga um stjórn veiða úr stofnunum.

Nefndin studdi einnig við verkefnið POLSHIFTS, sem er rannsóknarverkefni þar sem leitast er við að greina breytingar á útbreiðslu uppsjávarfiskitegunda í Norður-Atlantshafi. Haldinn var vinnufundur í Reykjavík haustið 2014 og ákveðið var að halda í framhaldinu ráðstefnu í Noregi á fyrri hluta árs 2015. Í september 2014 voru haldnar tvær litlar ráðstefnur samhliða íslensku sjávarútvegssýningunni IceFish. Annars vegar ráðstefna um samvinnu og átök í sjávarútvegi, en þar var leitast við að greina aukna möguleika til að byggja upp samband og frekari samvinnu með atvinnulífinu, rannsóknastofnunum og stjórnsýslunni. Á ráðstefnunni var mörkuð stefna sem farið hefur verið eftir síðan og gert er ráð fyrir að halda því áfram árið 2015. Hins vegar var haldin ráðstefna



um smærri fiskveiðar eða strandveiðar, þar sem áhersla var lögð á framtíðarsýn innan atvinnugreinarinnar. Á báðum þessum ráðstefnum voru fulltrúar hvaðan-æva af Norðurlöndum, sem deildu þekkingu sinni og reynslu.

Árið 2014 var lokaár „Nordic Marine Innovation“, sem er atvinnulífstengt nýsköpunarverkefni í sjávarútvegi, en lokaráðstefna verkefnisins var haldin í Kaupmannahöfn í október. Árið 2014 beittu fulltrúar Íslands í fiskisamstarfinu sér fyrir að kannaður yrði áhugi hjá rannsóknarsjóðum norrænu ríkjanna og Nordic Innovation á því að verkefninu yrði framhaldið, en það hefur staðið frá árinu 2010. Í því skyni var haldinn vinnufundur um málið samhliða fundum fiskisamstarfsins í Stykkishólmi í maí, þar sem komu fulltrúar frá norrænum rannsóknarsjóðum, Nordic Innovation og NordForsk auk Innovation Norge. Á fundinum voru lögð drög að samvinnu sem leiddi til þess að sett var á fót nýtt og sjálfstætt framhald verkefnisins, „Nordic Marine Innovation 2.0“. Höfuðábyrgð á verkefninu er á herðum Nordic Innovation en einnig eiga aðild að því rannsóknarsjóðir í öllum norrænu löndunum, þ.m.t. tækniþróunarsjóður RANNÍS. Auglýst var eftir tillögum um verkefni í forval í september og lokaumsóknarfrestur var 3. nóvember. Í lok árs var búið að velja átta verkefni sem verða styrkt og eru Íslendingar þátttakendur í sjö þeirra.

## **Landbúnaður**

Undir norrænu embættismannanefndina um landbúnaðarmál heyrir Norræna rannsóknaráðið (NordGen), sem er öflug stofnun um varðveislu erfðalinda. Verkefni stofnunarinnar eru að mestu leyti tengd rekstri á fræbanka en einnig hefur farið fram samstarf við einkaaðila á sviði svokallaðra forkynbóta (public private partnership in pre-breeding). Forræktun snýst um að leita uppi og einangra erfðafræðilegar auðlindir sem innihalda áhugaverða eiginleika og gen og jafnframt að koma þessum eiginleikum inn í það erfðæfni (t.d. fræ) sem selt er á markaði. Markmiðið er að tryggja áframhaldandi ræktun og kynbætur á stofnum plantna og dýra þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru takmarkaðir. Þetta á við um marga stofna af norrænum berjum, eplum og grænmeti.

Norræna nefndin um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) hefur aðsetur í Ósló, í sömu húsakynnum og norræna rannsóknarráðið NordForsk. NKJ hefur m.a. stutt við verkefni innan lífhagkerfisins sem voru undanfarar formennskuáætlunar Íslands.

Embættismannanefndin, sem fundar sameiginlega með embættismannanefndinni um skógrækt, fundaði tvisvar á árinu. Stærstu verkefnin sneru að áframhaldi verkefnisins um forkynbætur en þar tókst að ná samkomulagi um áframhaldandi fjármögnun og stuðning við framkvæmd NordBio, formennskuverkefni Íslands.

Ísland lagði áherslu á að unnin yrði úttekt á náttúrulegum hindrunum fyrir þróun lífræns landbúnaðar á norðurslóðum. Niðurstöður úr verkefninu verða kynntar vorið 2015.

## Matvælamál

Ráðherranefndin fyrir matvælamál hefur sér til aðstoðar, auk embættismanna-nefndarinnar, þrjár undirnefndir sem skipuleggja umfangsmikið starf sérfræðinga sem vinna að tilteknum verkefnum á sviði matvælalöggjafar, matvælaeftirlits, matvælaöryggis, manneldis, dýraheilbrigðis og dýravelferðar. Auk þess er veittur stuðningur til starfa norrænnar nefndar um matvælarannsóknir (NMKL). Meðal umfangsmestu verkefna sem unnið hefur verið að í þessu samstarfi er fimmta útgáfa norrænna næringarráðlegginga, sem kom út á árinu, bæði í bókarformi og netútgáfu. Að þessu sinni eru ekki aðeins gefnar út ráðleggingar um einstök næringarefni, heldur einnig horft til mataræðis og matarvenja, auk þess sem mataræði og hreyfing eru tengd saman sem leið til að vinna gegn offitu og lífsstílstengdum sjúkdómum. Vinna við þessa útgáfu hófst árið 2009 og lauk árið 2012; verkið var síðan opið til athugasemda á árinu 2013, áður en það var gefið út. Yfir eitt hundrað sérfræðingar komu að þessari vinnu og er verkið grunnur að þeim manneldismarkmiðum sem norræn lönd setja til að stuðla að bættu mataræði, aukinni hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl.<sup>7</sup>

Á formennskuárinu stóð Ísland fyrir tveimur málþingum, sem haldin voru hér á landi. Það fyrra fjallaði um rekjanleika sem leið til að stuðla að öryggi matvæla á markaði, til að bæta upplýsingar til neytenda og hafa möguleika á að rekja uppruna matvæla og til að koma í veg fyrir villandi markaðssetningu og vörusvik. Hið síðara var um lyfjaónæmi sem er vaxandi vandamál um heim allan. Áður hafði verið haldið slíkt málþing með þátttöku dýralækna, en að þessu sinni var lögð áhersla á að ná saman bæði dýralæknum og læknum. Þannig er hægt að horfa heildstætt á ferlið frá frumframleiðslu og þar til neytendum eru boðnar dýraafurðir til neyslu, auk þess að skoða lyfjanotkun hjá fólki og horfa þannig til lyfjaónæmis sem getur tengst bæði dýrum og mönnum ef aðgát er ekki viðhöfð.

Ísland styrkti einnig á formennskuárinu verkefni sem fólst í kynningu á norrænum manneldissjónarmiðum og stefnumörkun á þeim vettvangi þegar önnur alþjóðlega næringarráðstefnan var haldin í Róm í nóvember.<sup>8</sup> Áhersla var þar lögð á að kynna stefnumið um mataræði og hreyfingu, merkingar og notkun skráargatsins, nýju norrænu næringarráðleggingarnar, tengsl þessara þátta við baráttuna gegn offitu og önnur markmið um að stuðla að betri heilsu fólks. Skráargatið er opinbert samnorrænt merki sem finna má á umbúðum matvara

<sup>7</sup> Sjá nánar: [nordicnutrition.org](http://nordicnutrition.org)

<sup>8</sup> 2<sup>nd</sup> International Conference on Nutrition

sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi innihald næringarefna. Á hverju ári er einnig haldin norræn ráðstefna um matvælaeftirlit með þátttöku fulltrúa frá löndunum og var á árinu unnið að undirbúningi næstu ráðstefnu, sem haldin var á Íslandi í lok janúar 2015, undir yfirskriftinni „Framtidens tillsyn – effekt och metoder“.

## Skógrækt

Norræna embættismannanefndin um skógrækt skipuleggur norrænt samstarf á sínu sviði en stærsti hluti þess er unninn í gegnum samstarfsnetið Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) sem er afar virkur vettvangur með breiðri þátttöku á sviði rannsókna, stefnumörkunar og samstarfs við atvinnulíf. Á árinu tók Ísland þátt í starfi SNS, bæði með þátttöku í stjórn og í mörgum samstarfsnetum og vinnuhópum. Voru endurskipulögð nokkur svokölluð öndvegisverkefni SNS, þar sem unnið er með norræn áherslumál í skógrækt. Einn helsti samstarfsvettvangur norrænu skógarmálanna er innan stofnunarinnar NordGen og tóku íslenskir sérfræðingar virkan þátt í verkefnum um erfðauðlindir skóga innan skógræktardeildar NordGen.

Á formennskuári Íslands var lögð áhersla á tvö verkefni, annað er stefnumótunarverkefni sem kallast „Nordic Forest Solutions“ en hitt var þátttaka í formennskuáætlun Íslands um lífhagkerfið, NordBio.

Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá, stýrir verkefninu *Nordic Forest Solutions* og öll löndin taka þátt í því. Áætlað er að verkefninu verði haldið áfram í a.m.k. tvö ár. Helsta markmiðið er að marka stefnu fyrir norræna skógar-samstarfið til næstu ára og skilgreina og draga fram hvar skógrækt og beiting hennar geti lagt mikilvægt lóð á vogarskálar til að leysa ýmis umhverfis- og samfélagsleg mál. Tengist það atriðum eins og loftslagsbreytingum, eflingu lífhagkerfis, byggðapróun og lýðheilsu. Norrænn vinnuhópur starfar að þessu verkefni sem gert er ráð fyrir að kynna á ráðherrafundi 2015.

Embættismannanefndin um skógrækt tók virkan þátt í formennskuverkefninu um eflingu lífhagkerfisins, *NordBio*. Þar skipta málefni skóga á Norðurlöndum miklu en eitt verkefni áætlunarinnar er gagnert um þátt skóga í lífhagkerfinu og nefnist það *Woodbio*.

## Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um atvinnu-, orku- og byggðamál starfa þrjár embættismannanefndir, sem fjalla hver um sig um einn þriggja mála-flokka ráðherranefndarinnar.

Allar embættismannanefndirnar tóku virkan þátt í formennskuverkefninu NordBio.

Orkustofnun hefur tekið þátt í og leitt aðkomu Íslands að hinu þverfaglega NordMin-verkefni um námavinnslu, sem Svíar settu á laggirnar á formennskuári sínu 2013. Í verkefninu hefur tekist að beina sjónum manna að rannsóknum á nýtanlegum jarðefnum á landgrunni aðildarlandanna, einkum í Norður-Atlants-hafi. Fjöldi íslenskra vísindamanna hefur komið að verkefninu og hefur það verið lyftistöng fyrir ýmsar rannsóknir á þessu sviði.

### Atvinnumál

Hinn 12. nóvember funduðu norrænir iðnaðarráðherrar. Á fundinum voru ræddar sameiginlegar áherslur landanna og má þar nefna einföldun regluverks, ferðaþjónustu og hvernig Norðurlönd geti aukið útflutning sinn. Einnig voru ræddar leiðir til að efla nýsköpun og bæta starfsumhverfi norrænna frumkvöðla- og sprotafyrirtækja. Umræðan byggist á svokölluðu kyndilverkefni sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leiðir á þessu sviði. Undirliggjandi markmið er að Norðurlönd skapi framúrskarandi starfsumhverfi fyrir nýsköpunarstarf sem standist samanburð við það sem best gerist. Bent var á ýmis atriði sem betur mega fara svo sem aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að fjármagni, markaðssókn frumkvöðlafyrirtækja og uppbyggingu mannauðs svo dæmi séu nefnd.

Á vettvangi norrænu embættismannanefndarinnar um atvinnumál var starfað samkvæmt *samstarfsáætlun um nýsköpun og atvinnumál 2014–2017*. Áætlunin byggist á umræddum kyndilverkefnum þar sem hvert landanna gegnir forystuhlutverki í hverju verkefni. Kyndilverkefnin eru um frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun, stafræna hagkerfið, skapandi greinar, nýsköpun í velferðarlausnum og aðgerðir til að efla grænan hagvöxt, m.a. á sviði mannvirkjagerðar. Nefndin leggur ríka áherslu á að öll löndin taki virkan þátt í verkefnum.

Sem fyrr segir leiðir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kyndilverkefni um frumkvöðla með aðstoð frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni. Stýrihópur verkefnisins samanstendur af reyndum frumkvöðlum og athafnafólki. Haldin var um 100 manna vinnustofa í Kaupmannahöfn í september sem norrænir frumkvöðlar og sérfræðingar tóku þátt í og þeir unnu saman að mótun tillagna í

málaflokknum. Í lok árs 2014 lágu fyrir stefnumarkandi áherslur sem verða fullmótaðar í byrjun árs 2015 og í kjölfarið verður fyrstu aðgerðum hleypt af stokkunum. Þær áherslur og aðgerðir sem um ræðir munu án efa nýtast í stefnumótun á íslenskum vettvangi, hjá íslenskum frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum.

Af öðrum verkefnum ársins má nefna að ráðist var í úttekt á Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni en tilgangurinn er að bæta starfsemi stofnunarinnar og tryggja að þjónusta hennar og starfsemi mæti betur þörfum atvinnulífsins hverju sinni. Niðurstöður verða kynntar á ráðherrafundi 2015.

### *Norræna nýsköpunarmiðstöðin*

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation) stýrir verkefnum og áætlunum með það að markmiði að auka nýsköpun og viðskipti á Norðurlöndum auk þess að innleiða stefnu norrænu samstarfsráðherranna á sviði nýsköpunar og atvinnulífs. „Innovation in the Marine Sector“ er verkefnasamkeppni sem ætlað er að stuðla að nýsköpun í sjávarútvegi. Slíku verkefni var fyrst hleypt af stokkunum 2012 en í ljósi góðs árangurs var ákveðið að fjármagna framhaldsverkefni sem fór af stað um mitt ár 2014. Vonir standa til að íslensk þátttaka verði góð líkt og í fyrra verkefni.

Stofnunin leggur ríka áherslu á frumkvöðlastarf og vöxt sprotafyrirtækja. Áherslurnar birtast m.a. í verkefnasamkeppni sem ætlað er að efla norrænt samstarf. Á meðal verkefna sem komin eru til framkvæmda má nefna Norrænt nýsköpunarhús í Silicon Valley, sem opnað var á árinu og hefur það hlutverk að auðvelda norrænum sprotafyrirtækjum að sækja þekkingu og fjármagn á svæðið og mynda tengsl við frumkvöðla og fjárfesta. Stofnunin vinnur einnig að stuðningsverkefnum sem felast í samkeppnisstyrkjum til þróunarverkefna á áherslusviðum, svo sem „The Nordic region as a frontrunner in innovation procurement in the health sector“. Verkefnið er hluti af stærri áætlun um aukna nýsköpun á sviði norrænnar velferðar. Annað verkefni innan heilbrigðis- og velferðarþjónustu er „Challenge competition within health and welfare“ sem hleypt verður af stokkunum í ársbyrjun 2015 í samstarfi við norrænu höfuðborgirnar.

### **Orkumál**

Á fundi orkumálaráðherranna í nóvember var m.a. fjallað um málefni norræna raforkumarkaðarins og sammæltust ráðherrarnir um mikilvægi þess að halda áfram því góða samstarfi sem löndin hafa átt varðandi uppbyggingu raforkumarkaðar á Norðurlöndum. Einnig var rætt um vistvænt eldsneyti fyrir farartæki, sérstaklega skip og flugvélar. Á fundinum samþykktu ráðherrarnir að settur yrði á fót vinnuhópur sem myndi fjalla um og fara yfir stöðu mála og möguleika

varðandi notkun lífoldsneytis á flugvélar. Jafnframt staðfestu ráðherrarnir stefnu og áherslur Norrænna orkurannsókna (NEF) fyrir árin 2015–2018.

Tillögur framkvæmdastjóra NMR um „Nyt Norden“ og það sem lýtur þar að starfsemi stofnunarinnar um norrænar orkurannsóknir (NEF) tóku mikinn tíma, sérstaklega tillögur um nýjar samþykktir fyrir norrænu stofnanirnar. Í þeim þykir NEF að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til þeirrar sérstöðu stofnunarinnar að allt að 80% tekna stofnunarinnar koma beint frá löndunum en ekki af norrænum fjárlögum eins og á við um flestar norrænar stofnanir. Kannað verður hvort óskað verður eftir undanþágu frá almennu samþykktunum.

Árið 2014 var fyrsta ár *nýrrar samstarfsáætlunar um norrænt orkusamstarf* og voru þrjár vinnuhópar sem starfa á vegum embættismannanefndar um orkumál að fóta sig í nýju kerfi varðandi verkefni og fjármögnun þeirra. Sú breyting var gerð að í stað þess að vinnuhópunum væri veitt ákveðið fjármagn í upphafi árs þurftu þeir að sækja um fyrir hvert verkefni fyrirfram. Er það gert til að tryggja gæði verkefna og eftirlit með nýtingu þeirra fjármuna sem veittir eru í þau. Norræni raforkumarkaðurinn, orkunýtni og endurnýjanleg orka, til raforkuframleiðslu og samgangna, eru helstu áhersluatriði norrænnar samvinnu um orkumál. Einnig er lögð aukin áhersla á alþjóðlegt samstarf og samvinnu við önnur Evrópulönd.

### *Norrænar orkurannsóknir*

Verkefni um orkubúskap í samgöngum og flutningum á landi var sett af stað að frumkvæði Íslands árið 2009 og því lauk snemma árs 2014. Í verkefninu eru tengd saman orkumál og samgöngumál, en þessir geirar eru gjarnan aðskildir á Norðurlöndum. Helstu viðfangsefni voru að fjármagna vistvæn samgönguverkefni á Norðurlöndum, verkefni sem litu jafnt til viðskiptaþróunar, tækniþróunar og rammaskilyrða. Því nýttust verkefnin bæði til nýsköpunar og til stefnumótunar. Í öllum tilvikum voru samstarfsaðilar frá a.m.k. þremur norrænum löndum og í mörgum voru samstarfsaðilar frá öllum löndunum. Íslenskir aðilar tóku þátt í mörgum verkefnum og leiddu þó nokkur, enda eru þetta verkefni sem henta okkur Íslendingum vel. Gott dæmi um slíkt er svokallaður rafbílaeiknir Orkuseturs.

Hrundið var af stað nýjum áfanga verkefnisins um norræna orkusýn<sup>9</sup>, sem fjallar um tækniþróun sem miðar að kolefnisjöfnuðum Norðurlöndum 2050, en fyrsta hluta lauk árið 2013. Verkefnið var unnið í samstarfi við International Energy Agency en með því er norrænt vísindasamstarf kortlagt og mat lagt á hvernig það þarf að þróast til þess að mæta nýjum úrlausnarefnum, m.a. þeim sem sett voru fram í fyrsta áfanga. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki um mitt ár 2016.

<sup>9</sup> Nordic Energy Technology Perspectives

Í lok ágúst var haldin í Hörpu ráðstefna um nýtingu og gæði orku þar sem var lögð áhersla á mismunandi gæði orkugjafa og möguleika á fjölnýtingu orkunnar líkt og raunin er t.d. við virkjun háhita á Íslandi. Ráðstefnan var liður í formennskuáætlun Íslands.

Á árinu var samþykkt ný stefna og áherslur Norrænna orkurannsókna (NEF) fyrir árin 2015–2018. Við undirbúning stefnunnar voru haldnir vinnufundir í öllum löndunum með þátttöku haghafa frá vísindasamfélaginu, iðnaðinum, orkustofnunum og hagsmunasamtökum.<sup>10</sup>

Áhersluatriði í stefnunni sem eru sérstaklega áhugaverð fyrir íslenska hagsmunum eru t.d. orkuskipti í sjóflutningum og fiskveiðum, betri nýtni samþættra orkukerfa og fjölnýting orkunnar og bættur kolefnisbúskapur fyrir orkufrekan iðnað. Norrænu flaggskipsverkefni var hleypt af stokkunum og mun veita alls um 80 milljónir norskra króna til þriggja til fimm öndvegisverkefna sem falla að rannsóknamarkmiðum NEF. Öndvegisverkefni lúta að þverfaglegum orku- og umhverfisrannsóknum þar sem aðstæður á Norðurlöndum eru í forgrunni.

## Byggðamál

Í tengslum við ráðherrafund byggðamálaráðherranna í nóvember var haldin ráðstefnan *Nordregio Forum – Nordic Bioeconomy and Regional Innovation*. Hana sóttu á annað hundrað manns og fyrirlesarar voru frá Norðurlöndum, Skotlandi og víðar.

Undir embættismannanefndinni um byggðamál starfa fjórir vinnuhópar um sértæk málefni samkvæmt nýrri *samstarfsáætlun í byggðamálum, sem nær til árunna 2013–2016*<sup>11</sup> svo og 11 svokölluð landamærasamtök. Stærst þeirra er Norræna Atlantssamstarfið (NORA).

Málefni Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda voru mjög til umfjöllunar á árinu og tóku mikinn tíma á fundum embættismannanefndarinnar. Þeirri vinnu lauk með því að samþykktum sjóðsins var breytt og um leið varð töluverð endurnýjun í stjórn.

### *Nordregio*

Rannsóknastofnunin Nordregio hefur það hlutverk að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála ásamt því að þróa og miðla þekkingu á þessum sviðum til viðeigandi stofnana á Norðurlöndum. Á hverju ári er unnið að 60–80 rannsóknarverkefnum, þar sem áhersla er lögð á málefni norðursins í norrænu og evrópsku samhengi.

<sup>10</sup> Sjá: Nordic Energy Research Strategy 2015–2018 – NordForsk

<sup>11</sup> Nordisk samarbeidsprogram for regional utvikling og planlegging 2013–2016



## *NORA – Norræna Atlantssamstarfið*

Undir lok ársins var, að frumkvæði Íslands, hafist handa við undirbúning sameiginlegrar stefnumörkunar fyrir norðvestursvæðið, samstarfssvæði NORA. NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs og leggur áherslu á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum og á nýsköpun og sjálfbæra þróun.

## **Umhverfismál**

Norrænt samstarf um umhverfismál byggist á *norrænni framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2013–2018*. Áætlunin endurspeglar þau viðfangsefni sem eru í brennidepli á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi. Meginmarkmiðið er að bæta umhverfi og vernda náttúru á Norðurlöndum og nýta niðurstöður úr samstarfinu heima fyrir og í alþjóðlegu starfi. Formennska Íslands í NMR setti svip sinn á starfið og verður hér getið nokkurra norrænna verkefna sem Ísland ýtti úr vör, en stærst þeirra er formenskukerkefnið NordBio.<sup>12</sup> Þrjár af stofnunum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, þ.e. Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun leiða þrjú verkefni innan NordBio.

### *Auknar siglingar og vernd náttúru á norðurslóðum*

Á fundi norrænu umhverfisráðherranna í október hafði umhverfis- og auðlindaráðherra Íslands forgöngu um þemaumræðu um siglingar og vernd náttúru á norðurslóðum. Í máli sínu hvatti hann til að Norðurlönd nýttu þau tækifæri sem felast í nýjum siglingaleiðum en lagði jafnframt áherslu á að tryggja þyrfti vernd hinnar viðkvæmu náttúru á svæðinu. Í því sambandi benti hann m.a. á þau vandamál sem steðja að í Eystrasaltinu og varpaði fram að e.t.v. mætti einnig nýta aðferðir sem þar er beitt á norðurslóðum í því skyni að draga úr umhverfisálagi. Allir ráðherrarnir lýstu yfir eindregnum vilja til að hindra hnignun eða eyðileggingu náttúru á svæðinu og nýta þá farvegi sem fyrir eru í því skyni.

### *Alþjóðleg ráðstefna um plastúrgang í hafi*

Ráðstefna um plastúrgang í hafi var haldin í tengslum við alþjóðlegu sjávarútvegssýninguna í Kópavogi. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að leggja til aðgerðir til að draga úr plastúrgangi í hafinu. Umhverfis- og auðlindaráðherra setti ráðstefnuna og benti í ávarpi sínu m.a. á þau neikvæðu áhrif sem slíkur úrgangur hefur á lífríki sjávar og stranda. Talið er að um ¾ hlutar alls úrgangs í

<sup>12</sup> Sjá umfjöllun um NordBio á bls. 14



hafi sé plast og hefur málefnið verið á dagskrá alþjóðasamfélagsins undanfarin ár. Gerðar hafa verið ýmsar samþykktir og áætlanir um aðgerðir til að bregðast við. Plast hefur afar neikvæð áhrif á fuglalíf og lífríki sjávar, fiskveiðar og nýtingu strandsvæða. Brýnt er því að styrkja vitund fólks um málefnið og draga úr losun plasts í hafið. Meginniðurstöður ráðstefnunnar voru í þá veru að skortur á rannsóknum og þekkingu á vandanum sé ekki lengur gjaldgeng afsökun fyrir að grípa ekki til aðgerða. Því sé brýnt að næstu skref snúist fyrst og fremst um að hrinda áætlunum í framkvæmd. Norræni vinnuhópurinn um málefni hafsins hefur fengið tilmæli um að fylgja eftir tillögum frá ráðstefnunni.

### *25 ára afmæli Svansins*

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlanda og var 25 ára afmælis Svansins minnst á fundi norrænu umhverfisráðherranna í tengslum við þing NR svo og á fjölmönnum vinnufundi sem var liður í formennskuáætlun Íslands. Svanurinn byggist á ströngum kröfum sem ná utan um lífsferil vöru allt frá framleiðslu og notkun til endurnýtingar eða förgunar. Einnig geta fyrirtæki af ýmsu tagi fengið starfsemi sína vottaða, t.d. hótél, bílaþvottastöðvar og prentsmiðjur. Þrátt fyrir strangar kröfur, reglulegar úttektir og nokkurn kostnað hefur atvinnulífið tekið Svaninum fagnandi enda sýnir sig að þegar öllu er á botninn hvolft felur vottunin ekki einungis í sér minna umhverfisálag heldur einnig samkeppnisforskot og sparnað til lengri tíma litið. Svanurinn er mjög vel þekktur meðal neytenda á Norðurlöndum og hefur fest sig í sessi sem öflugt og traust umhverfismerki.

„Is the sky the limit for the Nordic Swan?“ var yfirskrift vinnufundarins á Íslandi. Á fundinum var litið yfir farinn veg og reynt að skyggast inn í framtíðina með þróun Svansins næstu 25 árin í huga. Þátttakendur voru annars vegar starfsfólk frá norrænu Svansskrifstofunum og fulltrúar í stjórnnum Svansins í löndunum og hins vegar leyfishafar og neytendur. Ungu fólki frá öllum löndunum var boðið til fundarins í því skyni að heyra sjónarmið þess. Meginniðurstöður fundarins voru á þann veg að Svanurinn hefði alla burði til að þróast áfram og dafna næstu 25 árin og að framtíðin fæli í sér ný tækifæri til sóknar á mörgum sviðum.

### *Varnir gegn matarsóun*

Matarsóun og leiðir til að fyrirbyggja hana hafa verið í brennidepli í norrænu samstarfi undanfarin ár. Í tilefni af degi umhverfisins 25. apríl efndi umhverfis- og auðlindaráðherra Íslands til opins fundar um matarsóun. Í kjölfarið skipaði ráðherra starfshóp sem ætlað er að vinna að tillögum til að fyrirbyggja matarsóun. Landvernd, Vakandi og Kvenfélagasamband Íslands hófu á árinu samstarf gegn matarsóun með fjárstyrk frá NMR. Markmið verkefnisins er að

skapa tengslanet samtaka á Norðurlöndum til að vinna gegn matarsóun, auka fræðslu og styrkja vitund fólks um það álag sem matarsóun hefur í för með sér á náttúruauðlindir, fjárhag og umhverfi. Innan ramma verkefnisins var haldið málþing þar sem mötuneyti og veitingahús voru í brennidepli. Kvenfélaga-samband Íslands hefur umsjón með matreiðslunámskeiðum fyrir almenning þar sem lögð er áhersla á nýjungar við nýtingu matar. Fyrirhuguð er kokkakeppni í því skyni að draga athygli að þessu málefni. Þá hafa verið gerð stutt myndbönd og unnið er að gerð heimildarmyndar um matarsóun.

### *Loftslagsmál*

Norrænu löndin vinna mjög náið saman um loftslagsmál, ekki síst í aðdraganda loftslagsfundarins í París 2015. Vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna birti 5. skýrslu sína um loftslagsmál og norrænu umhverfisráðherrarnir voru sammála um að lykilatriði væri að boðskapur skýrslunnar næði vel til almennings; því ákváðu þeir að láta útbúa upplýsingaefni þar sem notaðar væru nýstárlegar aðferðir til að sýna fram á mikilvægi loftslagsmálanna. Gerð voru örstutt myndbönd á öllum norrænum tungumálum þar sem grínistar frá hverju landi fjölluðu um málið á gamansaman hátt með alvarlegum undirtóni.<sup>13</sup>

### *Umhverfisfjármögnunarfélagið – NEFCO*

Flest verkefna NEFCO eru unnin í Rússlandi og Úkraínu. Pólitísk átök og órói milli þessara tveggja ríkja settu því óhjákvæmilega svip sinn á starf NEFCO á árinu. Eftirspurn norrænna fyrirtækja eftir lánnum til að vinna umhverfisverkefni í Rússlandi hefur af ofangreindum ástæðum dregist saman svo um munar. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir verkefnum vegna orkuvinnslu og bættrar orkunýtingar í Úkraínu aukist. Stjórn og starfsfólk NEFCO fylgja stefnu norrænu ríkisstjórnanna og leggja áherslu á að halda áfram að vinna að verkefnum í Úkraínu þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður sem þar ríkja.

## **Menningarmál**

Formenska Íslands á sviði menningarmála var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2014. Haldnir voru ráðherrafundir og embættismannafundir og ýmis verkefni framkvæmd undir merki formennskunnar. Þegar nánar er að gáð mun þó margt af því sem ákveðið var og framkvæmt á formennskuárinu hafa mikla þýðingu fyrir norrænt samstarf í framtíðinni. Samstarf menningar, mennta og vísinda var talsvert í brennidepli auk þess sem verkefni fyrir og með ungu fólki

<sup>13</sup> Is your mum ill? – Saga Garðarsdóttir  
Dom Perignon vs. Moonshine – Frimann Gunnarsson

voru áberandi. Lögð var áhersla á að horfa til framtíðar en einnig að halda tengslum við formennskuáætlanir fyrri ára og tryggja samhengið í samstarfinu. Unnið var að verkefnum sem styrkja vestnorrænt samstarf og leiddu nokkur formennskuverkefni til þess að hægt var að svara kalli stjórnámálanna og m.a. afskrifa allmörg tilmæli Vestnorræna ráðsins og framkvæma verkefni innan samnings milli Íslands, Færeyja og Grænlands um menningar-, mennta- og vísindamál. Á formennskuárinu var einnig horft til alþjóðlegs samstarfs Norðurlanda, einkum innan UNESCO. Lögð var áhersla á að styrkja verðug verkefni sem féllu að hinum ýmsu áherslusviðum í stað þess að ráðuneytið stæði sjálft að framkvæmd þeirra.

*Stefna norrænu menningarráðherranna í norrænu samstarfi árin 2013–2020* var bakgrunnur að formennsku Íslands á menningarsviðinu. Stefnan byggist á eftirfarandi fimm megináherslum:

### *Sjálfbær Norðurlönd*

Í Biophilia kennsluverkefninu eru náttúra, vísindi og listir tengd saman með sérstökum hætti sem krefst heildrænnar nálgunar.<sup>14</sup> Verkefnið „Konnekt“ fjallar um rannsóknir á loftslagsbreytingum og breytingum á umhverfinu sem geta haft mikil áhrif á sjálfbæra þróun og framtíð mannkyns. Til að koma upplýsingum um þessi mikilvægu málefni frá vísindasamfélaginu til almennings hafa vísindamenn og ungir listamenn hafið samstarf. Verkefnið hefur hlotið mikla athygli og það sem upphaflega átti að vera lítið málþing til að koma verkefninu af stað er orðið að stóru þriggja ára verkefni á vegum ráðherranefndarinnar þar sem menning og sjálfbærni gegna sameiginlegu hlutverki.

### *Skapandi Norðurlönd*

Á þessu sviði var sjónum einkum beint að tónlist og hönnun. Norræni spilunarlistinn er eitt af þriggja ára forgangsverkefnum Íslands árin 2014–2016 en markmið verkefnisins er að styrkja norræna markaðinn fyrir dægurtónlist frá Norðurlöndum, vekja athygli á norrænum listamönnum og hljómsveitum, auka útflutningsmöguleika norrænnar tónlistar, skrá norræna dægurtónlist í takt við þróun hennar og nýta gildi norrænnar samvinnu á þessu sviði.

<sup>14</sup> Sjá nánar um Biophilia á bls. 31

Áhersluverkefni á formennskuári

## Norræni spilunarlistinn

Norræni spilunarlistinn hefur fest sig í sessi frá því að honum var hleypt af stokkunum í janúar sl. Öll helstu markmið verkefnisins náðust á árinu hvað varðar sýnileika á samfélagsmiðlum og heimsóknir á vefsíðuna. Eitt markmiðanna var að ná 50.000 heimsóknum inn á síðuna en í lok árs höfðu 194.000 manns heimsótt hana. Þá tóku öll norrænu ríkisútvarpin þátt í fyrsta útvarpsbarnum sem norræni spilunarlistinn stóð fyrir. Þetta var kynningarátak í tengslum við Iceland Airwaves þar sem útvarpað var í þrjá daga í Reykjavík og streymt á YouTube og í gegnum Símann. Það tókst það vel að unnið er að skipulagningu svipaðra útvarpsbara í öllum löndunum árið 2015 í samstarfi við ríkisútvarpin í hverju landi og einnig í Berlín og London. Samhliða þessu er rætt um hvort útvarpsstöðvarnar geti sameinast um að útvarpa vikulega þáttum sem byggjast á norræna spilunarlistanum.

Markmiðið hefur fyrst og fremst verið að auðvelda almenningi aðgang að nýrri norrænni tónlist. Aðferðafræðin var að fá þekktu tónlistarmenn frá Norðurlöndum vikulega til að setja saman lista með tíu lögum, tveimur frá hverju landi, með upphaldstónlist sinni og dreifa listanum á samfélagsmiðlum sínum. Aðrir hlutar veita vikulegan aðgang að tíu vinsælustu lögum frá öllum löndunum, DJ mixum, sem búin eru til fyrir síðuna aðra hverja viku og efni sem framleitt er á útvarpsbörnunum.

Norræni spilunarlistinn hleypti í nóvember einnig af stokkunum Magma, sem er nýtt svæði á vefsíðunni sem beinir kastljósinu að tónskáldum og nútímatónlist. Það er fyrsta skrefið í að skoða hvort sama nálgun og notuð er á norræna spilunarlistanum fyrir dægurtónlist henti fyrir aðra tónlist. Vonast er til að hægt verði að beina sjónum að fleiri tónlistartegundum árin 2015 og 2016. Árið 2014 var unnið sérstaklega á Norðurlöndum en 2015 verður átak gert í Þýskalandi og Bretlandi.

Norrænt gildi listans kemur fram á margvíslegan hátt. Tónlistarfólk og tónlistaráhugafólk fær innsýn í hvað er efst á baugi hverju sinni. Samstarf á milli tónlistarmanna hefur orðið til eftir að þeir kynntust í gegnum norræna spilunarlistann. Norrænir útvarpsmenn hafa fengið tækifæri til að hittast og ræða stöðu norrænnar tónlistar í þáttagerð ríkisútvarpanna og ræða möguleikana á nánara samstarfi. Tónlistarunnendur á Norðurlöndum og alþjóðlega hafa því möguleika á að kynna sér stefnur og strauma í norrænni tónlist á einum og sama stað á netinu.

Verkefnið heyrir undir ráðherranefndina um menningarmál.

### *Þvermenningarleg Norðurlönd*

Það er markmið norrænnar samvinnu að öllum íbúum á Norðurlöndum finnist þeir eiga þar heima og taki þátt í menningarlífinu á einhvern hátt. Formennskuráðstefnan „Hvað ungur nemur gamall temur“ var haldin í febrúar 2015 á Íslandi og framhaldsráðstefna verður haldin í apríl/maí í Færeyjum.

### *Ung Norðurlönd*

Málefni barna og ungmenna er ein af meginstoðum norræns samstarfs. Á formennskuárinu var haldin norræn listasmiðja fyrir ungmenni á aldrinum 14–17 ára. Þar var ungmennunum stefnt saman til að vinna með listamönnum á 15 mismunandi stöðum á Norðurlöndum. Hátíðin byggist á fimm listgreinum; dansi, sjónlistum, leiklist, sirkus og tónlist. „Norrænt ljós 2014“ er umfangsmesta menningarhátíð fyrir ungmenni sem haldin hefur verið á Norðurlöndum hingað til. Norræn barna- og unglingsbókmenntahátíð var haldin í Norræna húsinu haustið 2014 til að fylgja eftir fyrstu afhendingu barna- og unglingsbókmenntaverðlauna NR árið 2013.

### *Stafræn Norðurlönd*

Meðal þess sem lögð var áhersla á var að stuðla að bættu aðgengi almennings að heimildum og gögnum sem geymd eru á þjóðskjalasöfnum landanna. Einnig var gert átak í að kynna þann sameiginlega norræna menningararf sem finna má í Íslendingasögunum en ný útgáfa þeirra á dönsku, norsku og sænsku kom út í apríl í tilefni af fundi norrænu menningarmálaráðherranna sem haldinn var í Reykjavík. Stefnt er að því að tengja útgáfuna þeirri áherslu sem er á tungumál og eflingu málvitundar á Norðurlöndum og hefur ríkisstjórn Íslands af þessum sökum keypt netbirtingarréttinn að útgáfunni.

### *Norræna barna- og ungmennanefndin*

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) fellur undir starfssvið mennta- og menningarmálaráðuneytisins en þar sem um þverlægt viðfangsefni er að ræða er hún á ábyrgðarsviði MR-SAM. Nefndin stóð fyrir ýmsum verkefnum, bæði ein og sér en einnig í samstarfi við önnur svið ráðuneytisins, s.s. með þátttöku í ráðstefnunni Arts&Audiences og á málþingi ungs fólks frá Færeyjum, Íslandi og Grænlandi um óformlega menntun, sem haldin var í Nuuk á haustmánuðum.

Meginverkefni nefndarinnar á árinu var „Þjóðfundur unga fólksins“ sem haldinn var í apríl. Þar komu saman um 100 norræn ungmenni og ræddu um hvernig þau myndu vilja sjá framtíð sína. Notast var við fundaraðferð sem beitt var á

Þjóðfundinum 2009 hér á landi og gafst öllum fundarmönnum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þátttakendurnir unnu saman að því að ákveða umræðuflokka, þ.e. mynda málaflokkana, og komu sér saman um markmið og leiðir til þess að vinna enn frekar að þeim. Með þessum fundi gafst tækifæri til að horfa til framtíðar með ungu fólki og gefa því orðið. Niðurstöður fundarins hafa vakið athygli og voru m.a. kynntar á þingi NR í október sl. og innan NMR.

### *Ráðherrafundir*

Að venju voru haldnir tveir ráðherrafundir menningarráðherranna á árinu. Auk hefðbundinna fundarstarfa komu gestir á báða fundina. Gestir ráðherranna á fundi þeirra 28. apríl voru norrænu þjóðskjalaverðirnir. Á fundinum undirrituðu ráðherrarnir yfirlýsingu um stuðning við alþjóðlega yfirlýsingu um skjalasöfn, sem samþykkt var á ársfundi Alþjóðaskjalaráðsins í Ósló árið 2010 og sem aðalráðstefna UNESCO samþykkti síðan árið 2011. Í yfirlýsingunni segir m.a. að norrænu menningarmálaráðherrarnir séu sammála um að skjalasöfnin á Norðurlöndum gegni veigamiklu hlutverki í norrænum samfélögum og varðveiti menningararf þjóðanna. Þau varðveiti fortíð minni samfélaga og einstaklinga, réttindi þeirra og sögu. Ekkert kemur í stað skjalasafna og þau eru mikilvægur þáttur lýðræðis í norrænu ríkjunum. Á ráðherrafundum 28. október var menningar- og Evrópuráðherra þýska sambandsríkisins Slésvíkur-Holtsetalands og formaður stjórn málaflokks danska þjóðarbrotisins, Anke Spoorendonk, gestur fundarins. Ráðherrarnir ræddu m.a. menningarstefnu Norðlægu víddarinnar og samstarf á því sviði.

## **Menntun og vísindi**

Á formennskuárinu var í ráðherranefndinni um menntamál og vísindi mikil áhersla lögð á undirbúning að nýrri samstarfsáætlun fyrir málaflokkinn. Undir forystu Íslands á fundi ráðherranna í Reykjavík í júní voru ræddar og dregnar saman þær áherslur sem löndin og sjálfstjórnarlöndin höfðu sameinast um að væru mikilvægastar. Í framhaldi var gengið frá áætlun sem á að vísa veginn fyrir samstarf á verksviði nefndarinnar frá og með árinu 2015.

### *Ný samstarfsáætlun*

Samstarfsáætlunin hefur norrænt notagildi að leiðarljósi og felur jafnframt í sér ýmsa þætti sem efst eru á baugi í stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Má í þessu sambandi nefna efni sem unnið er að á grundvelli hvítbókar Illuga Gunnarssonar ráðherra um menntamál. Áherslur verða lagðar á læsi sem hluta af grunnfærni barna, ungmenna og fullorðinna, vinnu gegn

brotthvarfi nemenda úr skóla, eflingu starfsnáms o.fl. Jafnframt skal unnið að auknum gæðum háskólastarfs og samstarfi um sameiginlega notkun á innviðum rannsókna.

Áhersluverkefni á formennskuári

## Biophilia

Meginverkefni Íslands í norrænu samstarfi um menntamál og vísindi árið 2014 var Biophilia kennsluverkefnið sem spannar þrjú ár. Verkefnið byggist á samnefndum listviðburði Bjarkar Guðmundsdóttur. Fyrsta árið var skilgreint sem undirbúningstími, annað árið, 2015 fer fram kennsla í öllum þáttökulöndunum samkvæmt aðferðafræði Biophilia og þriðja árið, 2016 verður farið yfir árangurinn, framkvæmd verkefnisins metinn og ákvarðanir teknar um frekara norrænt samstarf á þessu sviði.

Biophilia er viðamikilið kennsluverkefni, sem byggist á samstarfi vísinda og lista. Áhersla er lögð á að brjóta upp hefðbundnar kennsluáferðir með skapandi kennslu og þverfaglegri nálgun með þáttöku skólabarna, kennara, fræðimanna, vísindamanna og fleiri. Unnið er með ápreifanlega upplifun á undraheimi vísinda og tónmenntar með tilraunum, stuttum fræðandi innslögum og lifandi sýnikennslu. Formið er hugsað sem safn af kveikjum til að kalla fram áhuga og grunnskilning sem síðan er auðveldara að dýpka.

Norrænu löndin fimm og sjálfstjórnarlöndin þrjú hafa valið hvert sitt svæði til þáttöku. Hvert svæði hefur skipað stýrihóp sem ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins, mótun þess og samstarfi við hagsmunahópa og þrjá til fimm skóla þar sem verkefnið mun verða kennt. Verkefnið verður þróað á hverjum stað í samræmi við staðbundna menningu og reynslu. Stýrihóparnir átta mynda samstarfsnet um verkefnið þar sem unnið verður úr reynslu netanna og þróaðar kennsluhugmyndir með norrænum áherslum.

Árið 2014 voru unnar nýjar grunnkennsluleiðbeiningar með hópi norrænna sérfræðinga og Björk Guðmundsdóttur sem þýddar hafa verið á sjö norræn tungumál auk ensku.

Norræn þekkingarlest, sem felur í sér kynningar og vísindaviðburði með það fyrir augum að efla áhuga nemenda og almennings á náttúru og vísindum, er einnig hluti af formennskuverkefnum Íslands. Lestin kemur til með að ferðast um sömu svæði og Biophilia kennsluverkefnið og er tenging á milli verkefnanna.



### *Sjálfbær norræn velferð*

Sjálfbær norræn velferð er eitt af forgangsverkefnum ráðherranefndarinnar um menntamál og vísindi á tímabilinu 2013–2015. Í febrúar 2014 voru samþykkt þrjú ný verkefni innan þessa forgangsverkefnis, þar á meðal velferðarvaktin sem var formennskuverkefni velferðarráðuneytis, auk verkefna um velferðartækni og um vinnustaðanám. Jafnframt var samþykkt í desember aukafjárveiting til verkefnis um frumkvöðlamenntun.

### *Grænn hagvöxtur*

Annað forgangsverkefni er um grænan hagvöxt og í febrúar var samþykkt erindisbréf fyrir verkefni um framhalds- og fullorðinsfræðslu með sjálfbærni að leiðarljósi sem eitt af verkefnum NMR innan græns hagvaxtar. Í desember var síðan samþykkt að fjármagna rannsóknar- og nýsköpunarverkefni um grænan hagvöxt.

### *Norrænar meistarafráttur*

Ákveðið var að fjármagna fjórar norrænar meistarafráttur 2015. Skulu tvær vera þematískar og rúmast innan ramma græns hagvaxtar annars vegar og sjálfbærrar norrænnar velferðar hins vegar, en hinar tvær að vera óþemabundnar. Enn er unnið að því að tryggja fasta fjármögnun.

Undanfarin misseri hefur ráðherranefndin látið gera úttektir á samningum, yfirlýsingum og löggjöf sem snúa að viðurkenningu námsgráða og flæði námsmanna og menntaðs vinnuafns um Norðurlönd. Unnið var að þessu á formennskuári Íslands og verður starfinu fram haldið árið 2015.

Snemma árs 2014 var komið á laggirnar nýrri starfsnefnd um vísindamál sem m.a. vinnur að því að færa fjármögnun og stjórn vísindatengdra hópa og málefna frá ráðherra- og embættismannanefndunum.

### *Norrænar mennta- og vísindaráðstefnur*

Sem hluti af formennskuáætlun Íslands var efnt til sex ráðstefna; í Reykjavík, á Akureyri og í Tarttu í Eistlandi. Þær nýttust allar vel til undirbúnings samstarfsstefnu til næstu ára. Ráðstefnurnar höfðu allar að markmiði að auka norræna samvinnu um vísinda- og menntamál og allar utan ein fjölluðu um hvernig best mætti bæta nám þvert á skólastig. Þannig var áhersla á bættu kennaramenntun, bætt gæði og norrænan ávinning af samvinnu um skólamál rauður þráður í ráðstefnuhaldi Íslands á sviði mennta og vísinda á formennskuárinu.



Innan þessa ramma var á vordögum haldin í Hörpu ráðstefna í samstarfi við Norrænu stofnunina um rannsóknir og rannsóknamenntun á Norðurlöndum (NordForsk) um norrænar menntarannsóknir, „Menntun til framtíðar“, og skömmu síðar önnur um fullorðinsfræðslu, „Norrænar brýr um ævimenntun“, þar sem m.a. voru gerðar tilraunir með að nota hugmyndafræði Biophilia í kennslu fyrir fullorðna.<sup>15</sup> Í ágúst var efnt til ráðstefnu um kennaranám, þvert á skólastig, „Kennarar framtíðar – starfsstétt á krossgötum“, þar sem fundargestir voru vaktir til umhugsunar um kennara og menntun þeirra og fram fóru ágætar umræður um kennaranám innan Norðurlanda jafnt sem utan. Þá var í september haldinn norrænn fundur um hvernig best mætti meta námsgráður milli landanna og þannig stuðla að auðveldari viðurkenningu náms og starfa.

Tvær ráðstefnur á sviði vísindasamstarfs voru einnig haldnar innan rammans. Sú fyrri var haldin í Tarttu í samstarfi við NordForsk og miðaði að bættu vísindasamstarfi við Eystrasaltsríkin, meðan sú seinni, sem var haldin á Akureyri, teygði sig til norðurs og austurs og bauð norrænum og kínverskum vísindamönnum til samtals um norðurslóðamálefni.

## Jafnréttismál

Á formennskuári Íslands voru liðin 40 ár frá því að ákveðið var á vettvangi NMR að hefja formlegt samstarf um jafnréttismál. Samstarfið hefur aukið þekkingu, samráð og samvinnu, leitt af sér ráðstefnur, fundi, samantektir, skýrslur og rannsóknir. Það sem mestu skiptir er að samstarfið hefur skilað árangri og fært Norðurlönd nær markmiðinu um samfélög réttlætis og lýðræðis.

Á afmælisárinu var lögð áhersla á eftirfarandi málefnasvið í samræmi við jafnréttisstefnu NMR: Jafnrétti á vinnumarkaði, þátttöku karla í jafnréttisstarfi, aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og samvinnu milli aðildarlanda Vestnorræna ráðsins og ríkja á norðurslóðum.

### *Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál*

Ný samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um jafnréttismál fyrir árin 2015–2018 var samþykkt í október á þingi NR í Stokkhólmi. Á fundi jafnréttisráðherranna í nóvember fór fram sérstök umræða um karla, drengi og jafnréttismál en mikil áhersla er lögð á að sjónarmið karla og drengja séu samþætt öllum meginsviðum áætlunarinnar. Niðurstaða umræðunnar var að skipa starfshóp sem á að skila tillögum um norrænar aðgerðir til að auka þátttöku karla og drengja í starfi að auknu kynjajafnrétti.

<sup>15</sup> Sjá nánar um Biophilia á bls. 31

Norræna samstarfsáætlunin um jafnréttismál fyrir tímabilið 2015–2018 ber yfirskriftina *Saman í þágu jafnréttis – öflugri Norðurlönd*. Markmið áætlunarinnar er að stuðla áfram að skilvirku jafnréttissamstarfi á Norðurlöndum. Í samstarfsáætluninni eru tvö meginefni, annars vegar *opinbera sviðið* og hins vegar *velferð og nýsköpun*. Í áætluninni eru einnig tvö þverfagleg efni; *sjálfbær þróun* með áherslu á margbreytileika og *virkt þátttaka karla og drengja* í jafnréttisstarfi. Þá skal stefnan um samþættingu jafnréttissjónarmiða koma til framkvæmda samhliða jafnréttisáætluninni.

Samstarfið nær einnig til sjálfstjórnarlandanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands og á að auka þekkingu um jafnrétti á Norðurlöndum meðal almennings, þingmanna og ríkisstjórna en einnig innan stofnana og verkefna NMR. Norrænt samstarf á að vera hluti af alþjóðlegu samstarfi, t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Samstarfið teygir sig einnig til grannsvæða Norðurlanda, þ.e. Eystrasaltsríkjanna, Norðvestur-Rússlands og norðurlóða.

### *Ráðstefnur og fundir*

Aðalviðburður formennskuársins var fjölmenn hátíðarráðstefna í tilefni af 40 ára afmæli norræns samstarfs um jafnréttismál. Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt með þátttöku þekktra íslenskra og erlendra fyrirlesara. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að fjalla um árangur og framtíðarmarkmið samstarfsins. Lögð var áhersla á jafnrétti á vinnumarkaði, menntun og aukna þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi. Einnig var fjallað um stöðu lýðræðis með hliðsjón af stjórnmalapátttöku kvenna en um þessar mundir er fagnað aldarafmæli kosningarréttar kvenna á Norðurlöndum. Ráðstefnunni lauk með pallborðsumræðum norrænna sérfræðinga um jafnréttismál og umræðum í samstarfi við Norðurlandaráð æskunnar um framtíðarsýn ungs fólks í jafnréttismálum.

Árangur og áskoranir sem varða framkvæmd þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um aukið jafnrétti og bættu stöðu kvenna var meginumræðuefni árlegs fundar kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna. Norrænir jafnréttisráðherrar stóðu fyrir ýmsum viðburðum á kvennanefndarfundinum til að vekja athygli á árangri 40 ára samstarfs landanna um jafnréttismál og ræða verkefni framundan. Jafnframt stóðu norrænu ráðherrarnir fyrir pallborðsumræðum um menntun sem leið til að stuðla að jafnrétti og styrkja stöðu kvenna.<sup>16</sup>

Í maí var tveggja daga viðburður í Færeyjum, annars vegar ráðstefna um jafnrétti á vinnumarkaði og hins vegar málþing um stjórnmalapátttöku kvenna. Fyrri daginn fluttu norrænir sérfræðingar níu erindi með áherslu á fjögur þemu; hlutastörf og kynskiptan vinnumarkað, vinnumarkað í jaðarbyggðum, karlmenn og fæðingarorlof og samhæfingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Seinni daginn var haldið málþing um konur í stjórnmalum með þátttöku stjórnmalakvenna frá

<sup>16</sup> Promoting Gender Equality and Empowering Women and Girls Through Education

Færeyjum og Íslandi. Áherslur frummælenda voru m.a. á jafnréttisbaráttu kvannahreyfinga á Norðurlöndum í 100 ár.

Í júní var haldin þriggja daga ráðstefna í Háskóla Íslands um karla og jafnrétti þar sem karlmennskurannsóknir voru í brennidepli. Þetta var þriðja ráðstefnan sem haldin er í norrænu samstarfi um karla- og karlmennskurannsóknir og var hún hluti af formennskuáætlun Íslands.

Ráðstefnan Nordiskt Forum var haldin af norrænum kvannahreyfingum og fór fram dagana 12.–15. júní í Málmei í Svíþjóð. Talið er að um 20 þúsund manns hafi sótt ráðstefnuna en þetta var í þriðja skipti sem boðað var til allsherjarfundar kvenna og jafnréttissinna á Norðurlöndum en Nordiskt Forum var áður haldið árin 1988 og 1994. Norrænu jafnréttisráðherrarnir stóðu fyrir hliðarviðburði þar sem fjallað var um þróun samstarfsins á umliðnum 40 árum og framtíðar-áskoranir í málaflokknum. Ráðherrarnir voru sammála um að norrænt samstarf hafi aukið þekkingu á jafnréttismálum og fært löndin nær markmiðinu um norræn samfélög velferðar, réttlætis og lýðræðis.

Málþing var haldið í september í Reykjavík um aðferðir og aðgerðir sem reynst hafa best í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi undir yfyrskriftinni *Zero Tolerance*. Málþingið sóttu yfir hundrað manns frá átta löndum og vakti góð þátttaka lögreglunnar athygli og eins þóttu þau efni sem tekin voru til umræðu upplýsandi og þörf. Meginþemu ráðstefnunnar voru Istanbúlsamningur Evrópuráðsins, niðurstaða könnunar sem Mannréttindastofnun ESB gerði á kynbundnu ofbeldi í 28 Evrópulöndum auk þess sem norrænar aðferðir til þess að vinna gegn kynbundnu ofbeldi voru kynntar.<sup>17</sup>

Í október fór fram tveggja daga alþjóðleg ráðstefna um kynjarannsóknir á norðurslóðum. Samstarfsaðilar Jafnréttisstofnu voru utanríkisráðuneytið, Stofnun Vilhjálmss Stefánssonar og Norðurslóðanet Íslands. Þátttakendur voru um 120 frá níu löndum á norðurhveli jarðar. Tilgangurinn með ráðstefnunni var að stuðla að viðtækri, markvissri samræðu um jafnréttismál samtímans. Einnig að beina sjónum að áskorunum sem framtíðin kann að bera í skauti sér m.t.t. þeirra loftslags- og umhverfisbreytinga sem eru að verða og í samhengi við efnahags- og félagslega þróun ríkja og samfélaga á norðurslóðum.

Í samræmi við áherslur í formennskuáætlun Íslands um jafnrétti á vinnumarkaði voru, í nóvember í Reykjavík, haldnar tvær samliggjandi ráðstefnur um jafnlauna- og vinnumarkaðsmál. Ráðstefnurnar sóttu yfir 200 manns frá níu löndum. Fyrri ráðstefnan fjallaði um niðurstöður norræns rannsóknarverkefnis um hlutastörf og áhrif þeirra á jafnrétti á vinnumarkaði. Seinni ráðstefnan fjallaði um jafnlaunamál og jafnrétti á vinnumarkaði. Á ráðstefnunum héldu erlendir og hérlendir sérfræðingar erindi og tóku þátt í pallborðsumræðum um spurningar sem snúa að jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði. Gestur ráðstefnunnar um

<sup>17</sup> Sjá einnig um málþingið á bls. 43

launajafnrétti, og annar tveggja aðalfyrirlesara, var yfirmaður jafnréttismála hjá framkvæmdastjórn ESB. Ráðstefnunni lauk með pallborðsumræðum sérfræðinga og fulltrúa samtaka aðila vinnumarkaðar frá öllum norrænu löndunum, þar sem fram kom að kynbundinn launamunur er margþætt vandamál sem byggist m.a. á kynbundnu náms- og starfsvali.

## Félags- og heilbrigðismál

Norrænt samstarf um félags- og heilbrigðismál var yfirgripsmikið og jafnframt árangursríkt á árinu 2014. Sem formennskuland í norrænni samvinnu náði Ísland að koma í farveg og ljúka ýmsum málum sem lengi hefur verið unnið að.

### *Markvisst norrænt samstarf um heilbrigðismál*

Stærsta samstarfsverkefni norrænu ráðherranna á sviði félags- og heilbrigðismála á árinu var að taka afstöðu til tillagna Bo Könberg fyrrum heilbrigðisráðherra Svía um framtíðarsýn og brýnustu verkefni norræns samstarfs um heilbrigðismál. Í júní 2014 afhenti Bo Könberg Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra skýrslu sína en hún inniheldur 14 tillögur sem eiga að vera framkvæmanlegar á næstu 5–10 árum. Tillögurnar fjalla um átak gegn auknu sýklalyfjaónæmi, mjög sérhæfðar lækni meðferðir þvert á norræn landamæri, sjaldgæfa sjúkdóma, rannsóknir byggðar á gögnum úr sjúkraskrá og gagnagrunnum, lýðheilsu og heilsujöfnuð, möguleika sjúklinga að fá heilbrigðisþjónustu í öðru landi, um rafrænar heilbrigðislausnir og nýtingu tækni til að bæta heilbrigðisþjónustu og vellíðan sjúklinga, geðlækningar, heilbrigðisviðbúnað, lyfjamál, öflugra lýðheilsusamstarf landanna, embættismannaskipti og samstarf sérfræðinga í löndum ESB.

### *Norrænn lýðheilsuháskóli*

Norræna lýðheilsuháskólanum (NHV) var lokað í árslok eftir samfelld starf frá árinu 1953. Ákvörðun um lokun hans var tekin þar sem formlegt nám í lýðheilsu hefur verið tekið upp við háskóla í öllum löndunum. Þá voru norrænu lýðheilsuverðlaunin veitt í síðasta sinn og féllu þau í skaut Íþróttá- og ólympíusambands Íslands fyrir að stuðla með starfi sínu að heilbrigðum lífsháttum almennings og þar með bættri lýðheilsu.

### *Norræn velferðarmiðstöð*

Gengið var frá samningi við Norrænu velferðarmiðstöðina (NVC) fyrir árin 2015–2018. Samningurinn er settur upp með markmiðum og árangursmati og byggist á *stefnu norrænu félags- og heilbrigðisráðherranna um félags- og heilbrigðismál frá 2013*. Við gerð hans var jafnframt beitt nýju verklagi sem kveðið er á um í skýrslunni „Nyt Norden“.

### *Norræn tannlækningastofnun*

Gengið var frá samningum við Norrænu tannlækningastofnunina (NIOM AS), sem er samstarfsstofnun félags- og heilbrigðisráðherranna, allt til ársins 2018. Mikil vinna og umræða var allt árið um innihald samninganna og fjárhæðir þar sem hátt hlutfall af þeim fjármunum sem ætlaðir eru til félags- og heilbrigðismála hafa farið í samninga við stofnunina.

### *Norrænt ráð um málefni fólks með skerta getu*

Starf og starfshættir norræna ráðsins um málefni fólks með skerta getu komust í mjög góðan farveg á árinu og var m.a. gengið frá aðgerðaráætlun í málefnum fólks með skerta getu og fatlanir.

### *Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna*

Samningurinn var mikið til umræðu og ákváðu norrænu félags- og heilbrigðisráðherrarnir að hann yrði felldur úr gildi þegar búíð væri að festa í sessi fyrirkomulag samstarfs landanna um gagnkvæm upplýsingaskipti svo sem þegar starfsmaður í einu landi hefur verið sviptur starfsleyfi.

### *Markvisst starf til að hrinda stjórnsýsluhindrunum úr vegi*

Mikið starf var unnið á þessum vettvangi á vegum norræns vinnuhóps sem fylgist með framkvæmd Norðurlandasamnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu og norræns vinnuhóps um almannatryggingar sem fylgist með framkvæmd Norðurlandasamnings um almannatryggingar. Það leiddi til þess að margar greindar stjórnsýsluhindranir töldust leystar á árinu.

### *Sjálfbær norræn velferð*

Sjálfbær norræn velferð er heitið á áætlun NMR um nýjar velferðarlausnir og er verkefnið einkum unnið á vegum ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál og ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir. Verkefnið,

sem stendur yfir tímabilið 2013–2015, stuðlar að samstarfi um raunverulegar lausnir og skapar samstarfsvettvang um skoðanaskipti og þekkingarmiðlun.

Áætlunin miðar að því að menntun á Norðurlöndum verði atvinnuskapandi og að auknum gæðum í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Verkefnið er margþætt og hafa ýmsir aðilar hér á landi komið að framkvæmd þess. Þá hefur norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál fylgst náið með framvindu verkefnisins.

### *Formennskuáætlun á sviði félags- og heilbrigðismála*

Áður en formennskuárið byrjaði lá fyrir af hálfu Íslands yfirgripsmikil dagskrá um samvinnu á sviði félags- og heilbrigðismála. Megináherslan var á velferð hins almenna borgara þar sem sjónum var beint að jöfnuði, fyrirbyggjandi aðgerðum, félagslegu öryggi og góðri heilbrigðis- og félagslegri þjónustu. Ísland stóð fyrir 13 viðburðum þ.e. fimm ráðstefnum og átta sérfræðingafundum og var norræn þátttaka í öllum viðburðunum en þeir fóru allir fram hér á landi.

Ráðstefnurnar voru um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu, um forvarnir gegn kynferðisofbeldi og árangur af þeim á Norðurlöndum, um velferð barna og fjölskyldustefnur á Norðurlöndum, um geðvernd og geðheilsuefningu með áherslu á börn og unglunga og fjölskyldur þeirra og um samþættingu heima- hjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu.

Samráðsfundina sóttu norrænir sérfræðingar, m.a. um meðferð og samstarf vegna kostnaðarsamra og vandmeðfarinna lyfja, um áherslur Norðurlanda til varnar kynferðisofbeldis gegn börnum, um rannsóknir og þróun nýrra aðferða við forvarnir, um lækningu og aðstoð fyrir þá sem hafa orðið fyrir mænuskaða, um geðvernd og geðheilsuefningu, um þróun skráningar í félagslegri þjónustu og um heilsuefandi stefnumótun. Þá var haldinn samráðsfundur aðila frá almannaheillasamtökum og stjórnvöldum á Norðurlöndum um hlutverk þeirra og starfsemi og hvernig hún nýtist best og eykur norræna velferð.

### *Norræna velferðarvaktin*

Formennskuverkefnið um norrænu velferðarvaktina miðar að því að stuðla að sjálfbærni norrænu velferðarkerfanna, með því að efla rannsóknir og auka samvinnu og miðlun reynslu og þekkingar á milli landanna.

Yfirumsjón og ábyrgð á verkefninu er hjá íslensku félags- og heilbrigðisráðherrunum. Velferðarráðuneytið hefur gert samkomulag við Háskóla Íslands og Hagstofuna um umsjón með framkvæmd einstakra verkhluta og þar sem um norrænt verkefni er að ræða er full þátttaka allra landanna í öllum verkhlutum.

Áhersluverkefni á formennskuári

## Norræna velferðarvaktin

Norræna velferðarvaktin er eitt verkefnanna í formennskuáætlun Íslands. Það er þriggja ára rannsóknarverkefni sem stendur yfir árin 2014–2016. Markmið þess eru að finna leiðir til að mæla og fylgjast með velferð borgaranna, að rannsaka áhrif fjármálaprenginga og tengdra afleiðinga á norrænu velferðarkerfin og að stuðla að upplýstri stefnumótun í velferðarmálum.

Verkefnið skiptist í þrjá meginþætti:

- *Norræn velferðarvakt og viðbrögð við vá.*

Metið verður hvernig norræn velferðarkerfi eru undirbúin undir hvers konar vá með áherslu á hlutverk félagsþjónustu. Dreginn verður lærdómur af starfi Velferðarvaktarinnar sem var stofnsett hérlendis í kjölfar efnahagskreppunnar, kortlögð viðbragðakerfi annarra norrænna landa og lagt mat á hvaða áskoranir norræn velferðarkerfi þurfa að búa sig undir á næstu árum.

- *Kreppur og velferð – lærdómur fyrir framtíðina.*

Gerð verður víðtæk rannsókn á afleiðingum fjármálakreppa á Norðurlöndum, bæði yfirstandandi kreppu og kreppum um 1990, og könnuð viðbrögð stjórnvalda og árangur af þeim. Gerður verður samanburður við valin Evrópulönd s.s. Eystrasaltsríkin, Írland, Bretland, Grikkland, Ungverjaland, Spán og Portúgal. Dreginn verður lærdómur af því sem vel var gert og öðru sem skilaði ekki árangri. Verkefnið verður unnið sameiginlega af hópi fræðimanna frá öllum norrænu löndunum, með miðstöð og verkstjórn í Reykjavík.

- *Norrænir velferðarvísar.*

Unnar verða tillögur að norrænum velferðarvísam til að auðvelda stjórnvöldum yfirsýn yfir samfélagsþróunina á hverjum tíma. Slíkir velferðarvísar auðvelda stefnumótun og ákvarðanatöku þannig að unnt verði að efla frekar norrænu velferðarkerfin.



## Vinumál

Undir norrænu ráðherranefndina um vinnumál heyra, auk embættismanna-nefndarinnar, þrjár nefndir; nefnd um vinnumarkað, nefnd um vinnurétt og nefnd um vinnuvernd. Samstarfsáætlun um vinnumál fyrir tímabilið 2013–2016, *Sameiginlegar áskoranir og norrænt notagildi*, leggur áherslu á langtíma verkefni í kjölfar hnattvæðingar og lýðþróunar. Að sporna gegn atvinnuleysi ungs fólks og virkja þá sem hætt er við útilokun frá þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt er forgangsmál í norrænu vinnumálasamstarfi. Langtíma-atvinnuleysi og samvinna mennta- og vinnumarkaðssviðanna var í brennidepli á formennskuárinu.

### *Ráðherranefnd um vinnumál*

Vinumálaráðherrarnir voru á fundi sínum í nóvember einhuga um að efla þurfi norrænt samstarf um málefni vinnumarkaðarins. Í því skyni að finna samstarfinu öflugri farveg samþykktu ráðherrarnir tillögu um að láta gera rannsókn á skipulagi norræns samstarfs. Lögð var áhersla á að rannsóknin skili skýrum tillögum sem ráðherranefndin getur tekið afstöðu til, forgangsraðað og hrint í framkvæmd sem fyrst.

Rannsóknin á að stuðla að auknu skuldbindandi samstarfi. Einkum skal huga að eftirfarandi atriðum:

- Kanna mögulegan ávinning af því að starfa saman á þessu sviði í málum sem snerta ESB/EES.
- Skoða samstarf í framtíðinni um önnur alþjóðamál, t.d. á vettvangi OECD og Alþjóðavinnuáætlunarinnar.
- Skoða aukna áherslu á sameiginlegar norrænar aðgerðir sem tengjast markmiðum samstarfssviðsins og sem stuðla að aukinni atvinnuþátttöku og minna atvinnuleysi, samþættu atvinnulífi og góðu vinnuumhverfi.
- Skilgreina hlutverk þríhliða viðræðna við aðila vinnumarkaðarins á norrænum vettvangi.

Ráðherrarnir ræddu einnig niðurstöðu skýrslu um norrænu velferðarkerfin frá finnsku rannsóknastofnuninni ETLA sem fjallar um félagsleg undirboð, landa-mærahindranir og framtíð norræns samstarfs um málefni vinnumarkaðarins.

### *Norræna embættisnefndin um vinnumál*

Norrænt samstarf í vinnumarkaðsmálum á sér langa og árangursríka sögu. Í maí voru liðin 60 ár frá því að gert var samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Í þeim samningi leggja norrænu ríkisstjórnirnar áherslu á að það



séu grundvallarréttindi borgaranna að vera frjálst að hefja störf og setjast að í öðru norrænu landi.

Í tilefni af þessum tímamótum var haldin afmælisráðstefna í Reykjavík dagana 21.–22. maí í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum. Á ráðstefnunni var bæði horft um öxl og litið til framtíðar, kynntar voru norrænar rannsóknir og stofnað til umræðu í málstofum um áskoranir á vinnumarkaði. Í lokin var ráðstefnugestum gefinn kostur á að kynnast íslensku atvinnulífi frá fyrstu hendi með fyrirtækjaheimsóknum.<sup>18</sup>

### *Norræna vinnumarkaðsnefndin*

Vinnumarkaðsnefndin lagði áherslu á eftirfarandi þætti á árinu:

- Hreyfanleika á innlendu vinnuafli.
- Betri miðlun milli starfa og vinnuafls.
- Símenntun eftir þörfum vinnumarkaðarins.
- Baráttu gegn atvinnuleysi meðal jaðarhópa sem og langtímaatvinnuleysi.
- Virkara samstarfs milli opinberra stofnana.

Vinnumarkaðsnefndin veitti verkefnastyrk til rannsóknar á atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum sem hefur það að markmiði að greina aðstæður og leiðir ungs fólks úr skóla í atvinnu á grundvelli samanburðar milli landanna. Einnig voru styrkt verkefni um greiningu á áhrifum starfsþjálfunar í öðru landi og samanburðarrannsókn á starfsmenntun á Norðurlöndum. Norrænn tengslahópur vinnur að söfnun gagna til grundvallar mati á menntun og hæfni fólks á Norðurlöndum.

Í september hélt Vinnumálastofnun norræna ráðstefnu í samvinnu við velferðar- og menntamálaráðuneyti um nám og starfsþjálfun á vinnustað. Fyrirlesarar frá Norðurlöndum og sérfræðingur í austurrísku fyrirkomulagi vinnustaðanáms og starfsþjálfunar gáfu gestum innsýn í mismunandi útfærslur og áherslur landanna í þessum efnum.<sup>19</sup> Auk þess voru haldnar málstofur um efni ráðstefnunnar. Embættismannanefndin um vinnumál og embættismannanefndin um jafnrétti unnu saman að rannsóknarverkefni um hlutastörf, kyn og skiptingu kjara og alþjóðlegri ráðstefnu um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði.

### *Nefnd um vinnurétt*

Á fundum nefndarinnar var rætt um stöðu og þróun á vinnumarkaði hvers lands auk þess sem skipst var á upplýsingum um aðgerðir sem löndin hafa gripið til hvert fyrir sig, m.a. í því skyni að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi.

<sup>18</sup> Sjá: Norrænn vinnumarkaður í 60 ár

<sup>19</sup> Sjá: Vinnumálastofnun: „Lært fyrir lífið“

Jafnframt var rætt almennt um vinnumarkaðslöggjöf landanna sem og fyrirhugaðar lagabreytingar og þá sérstaklega í tengslum við efni tilskipana ESB er tengjast vinnumarkaði, sem löndunum er ætlað að innleiða. Íslandi og Noregi ber einungis að innleiða þær sameiginlegu reglur í tilskipunum ESB sem felldar hafa verið undir samninginn um EES.

Auk þess var á fundunum farið yfir nýja dóma sem fallið hafa hjá EFTA-dómstólnum sem og Evrópudómstólnum á sviði vinnumála og rætt um þau réttaráhrif sem dómarnir kunna að hafa á vinnumarkaðslöggjöf einstakra ríkja.

### *Norræna vinnuverndarnefndin*

Forgangsmál í norrænu samstarfi um vinnuvernd árin 2013–2016 er að efla öryggi, heilsu og velferð á vinnustað. Markmiðið er starfsumhverfi sem er eftirsóknarvert, hvetjandi og fyrir alla og kemur í veg fyrir starfstengd heilbrigðisvandamál. Því var lögð áhersla á eftirfarandi:

- Áframhaldandi stefnumörkun og þróun varðandi vinnuvernd og -eftirlit á Norðurlöndum.
- Tengsl stjórnunarháttanna og vinnuumhverfis.
- Gott og öruggt vinnuumhverfi alla starfsævina.

Á þeim forsendum voru veittir styrkir til eftirfarandi verkefna:

- Kortlagning vinnuverndarstarfs á Norðurlöndum á sviði rannsókna, eftirlits og fræðslu – möguleikar til frekari þróunar og samstarfs milli landanna.
- Eftirlit með öryggi og heilsu í áhættusömum starfsgreinum – aðferðir og aðgerðir: Norræn rannsókn í þremur löndum.
- Ungir starfsmenn í öruggu og heilsusamlegu atvinnulífi – samþætting vinnuverndar í starfsmenntun, annar áfangi.

Eftirfarandi verkefni stóðu jafnframt yfir:

- Upphafsaþangi verkefnisins um öryggi og heilsu ungra starfsmanna.
- Samhæfing rannsókna á vinnutíma og heilsu.
- Sjálfbært sjúklíngaflæði á sjúkrahúsum – þróun aðferða og verkfæra.

Fimm verkefnum lauk á árinu en þau fjölluðu m.a. um góða stjórnunarhætti, þátttöku starfsmanna, framleiðni og vinnuvernd og um eftirlit með félagslegum aðbúnaði á vinnustöðum.<sup>20</sup>

Fjöldmenn ráðstefna var haldin í október undir yfirskriftinni „Gott vinnuumhverfi alla starfsævina“. Ráðstefnan var skipulögð af Vinnueftirlitinu í samvinnu við stofnunina um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).<sup>21</sup>

<sup>20</sup> Sjá skýrslurnar á [www.norden.org](http://www.norden.org) og [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)

<sup>21</sup> Sjá: Vinnueftirlitið: Vinnuumhverfi og vinnuvernd alla starfsævina

## Samstarf á dómsmálasviðinu

Innanríkisráðuneytið tekur þátt í samstarfi á dómsmálasviðinu, þar á meðal samstarfi í Ek-Lov sem er embættismannanefnd um lagasamvinnu. Um er að ræða samstarf um málefni sem falla undir málefnasvið dómsmálaráðuneyta. Á fundum í Ek-Lov sem haldnir eru þrisvar á ári eru m.a. kynntar þær laga-breytingar sem unnið er að á vettvangi dómsmálaráðuneytanna en rík áhersla er lögð á að koma í veg fyrir hindranir í löggjöf sem mismuni borgurum landanna. Jafnframt er á vegum nefndarinnar unnið að sameiginlegum verkefnum í vinnu-hópum sem nefndin setur á fót, m.a. á grundvelli ákvarðana sem ráðherrar mála-flokksins taka á fundum sínum. Að störfum er vinnuhópur sem hefur til skoðunar möguleika fanga á að afplána samfélagsþjónustu í öðru landi en þar sem ákvörð-un um slíka refsingu var tekin.

Norrænu dómsmálaráðherrarnir hittust á fundi á Íslandi hinn 20. október. Á þeim fundi ræddu ráðherrarnir m.a. málefni ungra afbrotamanna, mansal, dóms-kerfið og refsíabýrgð lögaðila. Embættismannanefndinni var falið að taka þátt í þverfaglegu verkefni í baráttunni gegn mansali.

Sérstök verkefni formennskuársins á dómsmálasviðinu voru tvö. Annað þeirra var ráðstefna um gjafsóknarreglur á Norðurlöndum og hitt var málþing um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.

### *Ráðstefna um gjafsóknarreglur*

Ráðstefna um gjafsóknarreglur á Norðurlöndum var haldin í Norræna húsinu í september í samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands og Lögmannafélag Íslands. Tveir fyrirlesarar voru frá hverju landanna, lögmaður sem sagði frá kost-um og göllum gjafsóknarreglna síns lands eins og það blasti við þeim sem leita eftir opinberri réttaraðstoð og embættismaður sem gerði grein fyrir lögum og reglum sem gilda um gjafsókn.

### *Málþing um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi*

Málþingið var haldið í samvinnu við velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofu. Fjallað var um Istanbúlsamning Evrópuráðsins og þær skyldur sem hann leggur þjóðum á herðar í baráttu við ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi.

Fulltrúi frá Mannréttindastofnun ESB kynnti nýja könnun um ofbeldi gegn konum í 28 Evrópulöndum og gerð var grein fyrir nýrri úttekt Svía á lögum, reglum og aðgerðum sem beitt hefur verið þar í landi í baráttu við ofbeldi. Þar voru einnig kynnt verkefni frá öllum norrænu löndunum sem gefist hafa vel í baráttunni við ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi.<sup>22</sup>

<sup>22</sup> Sjá einnig um málþingið á bls. 35

## Fylgiskjal 1: Uppbygging norræns samstarfs

*Norrænt samstarf* er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

*Norrænt samstarf* er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

*Norræna ráðherranefndin* samanstendur af tíu fagráðherranefndum. Samstarfsráðherrar sjá um samræmingu á norræna ríkisstjórnarsamstarfinu. Með ráðherranefndunum starfa embættismannanefndir.

### *Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM)*

Eygló Harðardóttir, samstarfsráðherra  
Norræna samstarfsnefndin (NSK)

### *Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)*

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra  
Embættismannanefnd um menningarmál (EK-K)

Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)  
Norræna húsið í Reykjavík  
Norðurlandahúsið í Færeyjum  
Norræna stofnunin á Álandseyjum  
Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)  
„Kulturkontakt Nord“

### *Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)*

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra  
Embættismannanefnd um sjávarútvegsmál (EK-FJLS/Fiskeri og havbrug)  
Embættismannanefnd um landbúnað (EK-FJLS/Jordbrug)  
Embættismannanefnd um matvælamál (EK-FJLS/Levnedsmidler)  
Embættismannanefnd um skógrækt (EK-FJLS/Skovbrug)

Norræna erfðalindasetrið (NordGen)

*Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-JÄM)*

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra  
Embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-JÄM)

*Ráðherranefnd um menntun og rannsóknir (MR-U)*

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra  
Embættismannanefnd um menntun og rannsóknir (EK-U)

Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)

*Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)*

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra  
Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra  
Embættismannanefnd um félags- og heilbrigðismál (EK-S)

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV)

*Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)*

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra (atvinnu- og orkumál)

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (byggðamál)

Embættismannanefnd um orkumál (EK-NE/Energi)

Embættismannanefnd um atvinnumál (EK-NE/Næring)

Embættismannanefnd um byggðamál (EK-R)

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation)

Norrænar orkurannsóknir (NEF)

Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio)

*Ráðherranefnd um umhverfismál (MR-M)*

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra til 31.12.2014

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra frá 31.12.2014

Embættismannanefnd um umhverfismál (EK-M)

*Ráðherranefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (MR-A)*

Eygló Harðardóttir, velferðarráðherra

Embættismannanefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A)

Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuverndarsviði (NIVA)

*Ráðherranefnd um efnahags- og ríkisfjármál (MR-Finans)*

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra  
Embættismannanefnd um efnahags- og ríkisfjármál (EK-Finans)

*Ráðherranefnd um dóms- og löggjafarmál (MR-Lov)*

Hanna Birna Kristjánsdóttir, dómsmálaráðherra til 26.8.2014  
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, dómsmálaráðherra 26.8.–4.12.2014  
Ólöf Nordal, innanríkisráðherra frá 4.12.2014  
Embættismannanefnd um dóms- og löggjafarmál (EK-Lov)

## Fylgiskjal 2: Styttingar

EES	Evrópska efnahagssvæðið
EFTA	The European Free Trade Association – Fríverslunarsamtök Evrópu
ESB	Evrópusambandið
NEF	Nordisk Energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NHV	Nordisk Højskole for Folkesundhedsvidenskab – Norræni Lýðheilsuháskólinn
NIVA	Nordisk Institution for Videreuddannelse indenfor Arbejdsmiljøområdet – Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar
NKJ	Nordisk kontaktorgan for jordbrugs- og fødevarerforskning – Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantssamstarfið
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknaráðið
NordGen	Nordiskt Genresurscenter – Norræna stofnunin um erfðaaauðlindir
Nordic Innovation	Nordic Innovation – Norræna nýsköpunarmiðstöðin
Nordregio	Nordic Centre for Spatial Development – Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum
NR	Nordisk Råd – Norðurlandaráð
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
OECD	Organisation for Economic Cooperation and Development – Efnahags- og framfarastofnun Evrópu
RANNÍS	Rannsóknamiðstöð Íslands
SNS	SamNordisk Skogsforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir



